Sýn hf.
Samstæðuársreikningur

2020

vodafone visir SPORT BYLGJAN 989 FM957 X 977 ENDOR

Sýn hf. Suðurlandsbraut 8 108 Reykjavík kt. 470905-1740

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	8
Áritun óháðra endurskoðenda	9
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	13
Efnahagsreikningur	14
Eiginfjáryfirlit	15
Sjóðstreymisyfirlit	16
Skýringar	17
Viðaukar:	
Ársfjórðungsyfirlit	40
Ófjárhagslegar upplýsingar	42
Stjórnháttaryfirlýsing	47

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Sýnar hf. fyrir árið 2020 samanstendur af ársreikningi Sýnar hf. (Sýn eða félagið) og dótturfélags þess (Endor ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar".

Um Sýn hf.

Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, Fm957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Á miðju ári 2019 fór félagið í alhliða stefnumótun og var henni fylgt eftir á árinu 2020. Stefna félagsins er að skipuleggja og nýta innviði félagsins til veita viðskiptavinum virðisaukandi þjónustu og bæta arðsemi. Kjarninn í stefnunni er ánægja viðskiptavina, traust og virðing. Þessu verður náð með auknum skilningi á þörfum viðskiptavina, umbreytingu á rekstrarmódelinu og betri nýtingu eigna. Stefna félagsins endurspeglast í áherslu á sjálfbærni í rekstri, góða stjórnhætti, áhættustýringu, ánægju starfsmanna og menningu.

Rekstur ársins 2020

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 20.786 millj. kr. samanborið við 19.811 millj.kr. á árinu 2019 sem er aukning um 5%. Helstu ástæður aukningar í tekjum á milli ára eru tekjur af starfsemi dótturfélagsins Endor ehf. en félagið var ekki hluti af rekstri samstæðunnar á árinu 2019. Heimsfaraldur COVID-19 hafði talsverð áhrif á tekjur af auglýsingum sem lækkuðu um 13% á milli ára og reikitekjur sem lækkuðu um 64% á milli ára. Samanlögð tekjulækkun þessara tveggja liða á milli ára er um 550 millj.kr. Framlegð samstæðunnar á árinu 2020 var 31% á móti 36% á árinu 2019. Helsta skýringin á lækkun í framlegð er lægri framlegð af rekstri dótturfélagsins Endor ehf. sem og veiking krónunnar sem hafði talsverð áhrif til hækkunar á kostnaði við fjarskiptakerfi og sýningarrétti. Rekstrarkostnaður lækkaði um tæp 6% á milli ára og skýrist það af hagræðingaraðgerðum.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var 161 millj.kr. samanborið við tap upp á 1.950 millj.kr. árið áður en helsta ástæða þessa munar er virðisrýrnun á viðskiptavild sem varð á árinu 2019 að fjárhæð 2.452 millj.kr.

Fjármagnsgjöld lækka um 287 millj.kr. á milli ára en innan þeirra lækkar fjármagnskostnaður af vaxtaberandi skuldum um 402 millj.kr. vegna lækkandi vaxtastigs en á móti eykst fjármagnskostnaður af leiguskuldbindingum vegna leigusamninga dótturfélagsins Endor ehf. Gengistap eykst um 170 millj.kr. á milli ára sem skýrist af veikingu krónunnar á árinu.

Tekjur af hlutdeildarfélögum lækka um 865 millj.kr. á milli ára sem skýrist að mestu leyti af söluhagnaði af færeyska dótturfélaginu P/F Hey sem selt var að hluta í byrjun árs 2019.

Tap ársins var 405 millj.kr. samanborið við tap upp á 1.748 millj.kr. árið áður. Þýðingarmunur af dótturfélaginu Endor ehf. og hlutdeildarfélaginu P/F Hey er færður yfir eigið fé og var heildarafkoma ársins 249 millj.kr. tap.

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir lækka um 1.345 millj.kr. á milli ára. Ástæður þeirrar lækkunar eru minni fjárfestingar á árinu 2020 samanborið við árið á undan en einnig er hluti leigueigna flokkaðar sem eignir til sölu í samræmi við kröfur IFRS 5 eða tæplega 540 millj.kr. Flokkunin skýrist af þeim samningaviðræðum sem félagið er í um sölu á óvirkum farsímainnviðum, sjá frekar í skýringu 24. Tekjuskattsinneign félagsins eykst um 286 millj.kr. sem skýrist af aukningu á skattalegu yfirfæranlegu tapi sem stjórnendur félagsins telja að muni nýtast á móti skattalegum hagnaði í framtíðinni. Veltufjármunir lækka um 277 millj.kr á milli ára sem skýrist af lækkun í fjárbindingu í birgðum um 186 millj.kr., lækkun í viðskiptakröfum vegna lækkunar á tekjum hjá félaginu ásamt betri innheimtuárangri og aukningu í handbæru fé um 197 millj.kr. Aukning í handbæru fé skýrist að mestu af mótteknum arði frá hlutdeildarfélaginu P/F Hey í Færeyjum í árslok sem og mismunandi lotun á greiðslu reikninga milli ára.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 27,8% í árslok samanborið við 27,5% árið áður.

Langtímaskuldir lækkuðu um tæpar 2.368 millj.kr. á milli ára sem skýrist af niðurgreiðslu á langtímaskuldum á tímabilinu og gengisbreytingu á leiguskuldbindingum Endors ehf. en leiguskuldbindingar þess félags eru í evrum. Hluti leiguskuldbindinga hefur verið flokkaður á sér lið þar sem þær tengjast leigueignum sem flokkaðar eru til sölu. Skammtímaskuldir jukust um 1.319 millj.kr. og skýrist það helst af aukningu í vaxtaberandi skuldum um rúmar 300 millj.kr. vegna lánalínu sem var á gjalddaga í janúar 2021 en hefur nú verið framlengd. Aukning í skammtímahluta leiguskuldbindinga skýrist af veikingu krónunnar gagnvart evru og aukning í viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum skýrist að hluta til af gengisveikingu en einnig breytingum á tímasetningum greiðslna til birgja félagsins vegna COVID–19 samningaviðræðna.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 5.912 millj.kr. samanborið við 5.377 millj.kr árið áður. Fjárfestingar ársins voru 3.516 millj.kr á móti 4.719 millj.kr. á árinu 2019. Lækkun í fjárfestingum skýrist af mestu að lækkun í fjárfestingum varanlegra rekstrarfjármuna. Á árinu 2019 var talsverð endurnýjun á ljósvakabúnaði, fjárfest var í nýju stúdíó undir fjölmiðlastarfsemi félagsins og frágangi á nýjum höfuðstöðum. Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar félagsins voru greidd niður á tímabilinu um 2.238 millj.kr. og félagið móttók arð að fjárhæð 144 millj.kr. frá færeyska hlutdeildarfélaginu P/F Hey.

Heimsfaraldur COVID-19

Áherslur stjórnenda í COVID-19 faraldrinum hafa verið á aðgerðir til að tryggja rekstrarsamfellu og áframhaldandi góða þjónustu við viðskiptavini. Meðal þessara aðgerða er að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina ásamt því að tryggja að ekki verði röskun á rekstri og viðhaldi mikilvægra innviða sem standa undir þjónustu félagsins. Félagið þjónar í dag fyrirtækjum og opinberum aðilum sem mörg hver gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki, m.a. tengt íslenska heilbrigðiskerfinu, almannavörnum, samgöngum og fjármálastarfsemi ásamt því að veita fjölda fyrirtækja fjarskiptaþjónustu sem er kerfislega mikilvæg í rekstri þeirra. Á þessum tíma hefur einnig verið mikilvægt að gæta að samningsstöðu félagsins gagnvart mikilvægum sýningaréttum þar sem margir íþróttaviðburðir röskuðust verulega á tímabilinu eða jafnvel féllu niður. Stjórnendur hafa verið í samningaviðræðum við birgja félagsins í tengslum við þá stöðu og hafa samningar náðst við alla helstu birgja.

Áhrifa COVID-19 faraldursins á rekstur og sjóðstreymi samstæðunnar á árinu gætir helst í samdrætti í tekjum af auglýsingum og reiki eins og áður hefur fram komið. Áhrif þessa samdráttar á tekjur félagsins á árinu eru metin rúmar 550 millj. kr. Félagið er með hluta af sínum kostnaði í erlendri mynt og vegur þar þyngst kostnaður sýningarrétta og leyfisgjöld tengd fjarskiptakerfinu. Veiking krónunnar hefur því haft talsverð áhrif til hækkunar á rekstrarkostnaði. Stjórnendur félagsins hafa gripið til ýmissa hagræðingaaðgerða til að lágmarka þessi áhrif á rekstur og sjóðstreymi félagsins en miðað við þá óvissu sem til staðar er vegna faraldursins er ekki hægt að meta að fullu hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma.

Styrkur sem Mennta- og menningarmálaráðherra veitti félaginu, að upphæð rúmar 91 millj.kr., samkvæmt 9. gr. laga nr. 37/2020 og reglugerð nr. 670/2020, var nýttur til fréttaflutnings á árinu 2020 á Stöð 2, Vísi og Bylgjunni. Styrkurinn gerði miðlunum þremur auðveldara fyrir að halda úti öflugum fréttaflutningi til almennings þrátt fyrir verulegt tekjufall sem varð á auglýsingamarkaði og almennt þrönga stöðu sem fjölmiðlar búa við. Á árinu 2020 birtu miðlar félagsins um 7.500 greinar um COVID-19, eða um 22 á dag. Þá eru taldar innlendar og erlendar fréttir og skoðanagreinar. Til viðbótar flutti fréttastofa fréttir í alls um 3.400 fréttatímum á Bylgjunni, daglegum kvöldfréttatímum á Stöð 2 og einstaka aukafréttatímum, einkum í tengslum við ákvarðanir stjórnvalda vegna faraldursins. Frá fyrsta upplýsingafundi almannavarna þann 26. febrúar hefur fréttastofa staðið að útsendingu fundanna á vef, sjónvarpi og, hluta tímans, í útvarpi. Í fyrstu bylgju faraldursins skiptu fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, annars vegar, og RÚV, hins vegar, með sér tæknilegri vinnslu upptöku og útsendinga fundanna þannig að fréttastofa tók að sér virku dagana mestallt tímabilið en RÚV helgar. Þessi einkarekna fréttastofa var þannig stóran hluta tímabilsins tæknilegur bakhjarl þessa mikilvæga hluta upplýsingagjafar hins opinbera til almennings um faraldurinn.

Strax í upphafi fyrstu bylgju faraldursins var aðgerðarteymi virkjað og bar það teymi ábyrgð á framkvæmd viðbragðsáætlunar vegna COVID–19. Teymið fundaði vikulega á þeim tímum þegar faraldurinn stóð sem hæst og tók á hverjum tíma mið af viðbúnaðarstigi og fyrirmælum almannavarna og sóttvarnarlæknis. Starfsmenn félagsins voru á hverjum tíma upplýstir um viðbragðsaðgerðir og tilmælum komið til þeirra varðandi heimildir á hverjum tíma. Tæknisviði félagsins var strax skipt niður í hópa sem unnu ekki á sama tíma til að tryggja öruggt viðhald og eftirlit með tæknibúnaði félagsins. Stór hluti starfsfólks sinnti starfi sínu í fjarvinnu. Markmiðið var og er að lágmarka ávallt áhættu á smiti og tryggja að ekki væri samgangur á milli svæða á skrifstofum félagsins. Lögð var áhersla á að fundir væru á fjarfundarformi og heimsóknir gesta voru í algjöru lágmarki. Verslunum var lokað í ákveðin tíma til að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina þeirra. Eftir opnun verslana var tryggt að hægt væri að halda fjarlægð milli starfsmanna og viðskiptavina. Þrátt fyrir þessar breytingar og aukna fjarvinnu starfsmanna á öllum sviðum hefur félaginu tekist að halda góðu þjónustustigi við viðskiptavini.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Fyrirliggjandi eru tvö umfangsmikil frumvörp til laga sem óhjákvæmilega munu hafa áhrif á kjarnastarfsemi félagsins verði þau að lögum. Sammerkt með báðum frumvörpum er að í þeim felast bæði ívilnandi og íþyngjandi áform. Hefur félagið sent umsagnir til ráðuneytis og Alþingis og átt gagnlega fundi með stjórnvöldum og þingnefnd um þau.

Annað frumvarpið sem liggur fyrir Alþingi er ætlað er að tryggja áframhaldandi styrkveitingar til einkarekinna fjölmiðla. Byggir frumvarpið á viðmiðum reglugerðar nr. 670/2020, en þau voru lögð til grundvallar úthlutunar styrkveitingar á árinu 2020. Þar sem óvissa er um framgang málsins er óvíst hvort og hve há fjárhæð kemur í hlut Sýnar hf. við næstu úthlutun þegar og ef til hennar kemur.

Fyrir Alþingi liggur einnig frumvarp til nýrra fjarskiptalaga. Nái frumvarpið fram að ganga gæti Sýn hf. þurft að inna af hendi 325 m.kr. í tengslum við endurúthlutun tíðna á árunum 2022-2023. Sýn hf. hefur andmælt þessum áformum í umsögn sem félagið hefur sent hlutaðeigandi þingnefnd á þeim grundvelli að um sértæka skattlagningu verði að ræða sem vafi leiki á að samræmist meginreglum skattaréttar um jafnræði, sem og eignaréttarákvæðum stjórnarskrár.

Í sama frumvarpi er að finna í 87. gr. áform, sem heimila stjórnvöldum inngrip í val Sýnar hf. á birgjum við uppbyggingu farneta, þ.m.t. 5G uppbyggingar. Að fengnum umsögnum dóms- og utanríkisráðherra, getur samgöngu- og sveitastjórnarráðherra kveðið á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra farneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli búnaðar vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sýn hf. hefur andmælt þessum áformum í umsögn til Alþingis og bent á að þau beinist að helsta birgja félagsins; Huawei. Samkvæmt Vodafone Group eru takmarkanir á notkun búnaðar Huawei ekki útaf öryggi heldur pólitískum ástæðum. Fyrirliggjandi frumvarp geti leitt til skertrar samkeppnisstöðu, hærra verðs frá birgjum og hamlað nýsköpun. Er því lagt til að reglugerð samgönguráðherra verði eingöngu sett að fenginni umsögn Póst og Fjarskiptastofnunar og að höfðu samráði við hagsmunaaðila þar sem í grunninn verði byggt á faglegu áhættumati. Sú óvissa sem uppi er um hvort og með hvaða hætti þetta ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á uppbyggingaráform félagsins á 5G farnetum.

Frekari lýsingu á áhættustefnu og megináhættum má finna í viðauka um ófjárhagslegar upplýsingar sem er fylgiskjal með ársreikningi þessum.

Sala á óvirkum innviðum

Samningar hafa tekist í öllum megin atriðum varðandi sölu á óvirkum innviðum farsímakerfisins. Fjárhagslegir skilmálar verða í samræmi við fyrri tilkynningar til Kauphallar. Stjórn félagsins hefur veitt stjórnendum umboð til að undirrita nauðsynleg skjöl. Samningarnir verða með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Miðað við þá skilmála sem nú liggja fyrir myndu viðskiptin styrkja efnahagsreikning samstæðunnar og gæti væntur söluhagnaður numið yfir sex milljörðum króna, gangi viðskiptin eftir. Gert er ráð fyrir að langtímaleigusamningur verði gerður til 20 ára, sem tryggja mun áframhaldandi aðgang félagsins að hinum óvirku farsímainnviðum. Fjárhæðir og reikningshaldsleg meðferð viðskiptanna mun ráðast af endanlegum samningum, þar með talið hve stór hluti söluhagnaðarins mun fara í gegnum rekstrarreikning félagsins. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu félagsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Hlutafé og samþykktir

Útgefið hlutafé félagsins nam í árslok 2.964 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Hlutaféð er í einum flokki sem skráður er á hlutabréfamarkað Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Á aðalfundi félagsins þann 20. mars 2020 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til; markmiða fjárstýringastefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingarþarfar félagsins.

Stjórn gerir tillögu um að tap ársins verði flutt til næsta árs.

Hluthafar í árslok 2020 voru 296 (2019: 251) Eftirfarandi tafla sínir 10 stærstu hluthafar við árslok 2020 og breytingar á atkvæðahlutdeild þeirra á árinu.:

Nafn	Fjöldi hluta 31.12.2020 (´000)	hlutur % 31.12.2020	Fjöldi hluta 31.12.2019 (´000)	hlutur % 31.12.2019
Gildi - lífeyrissjóður	37.736	12,7%	40.396	13,6%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	31.822	10,7%	31.822	10,7%
Kvika banki hf.	27.491	9,3%	23.171	7,8%
Birta lífeyrissjóður	27.362	9,2%	22.269	7,5%
Ursus ehf.	27.147	9,2%	27.147	9,2%
Arion banki hf.	18.722	6,3%	13.710	4,6%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	18.600	6,3%	15.540	5,2%
Stapi lífeyrissjóður	14.629	4,9%	14.629	4,9%
Festa - lífeyrissjóður	8.630	2,9%	8.640	2,9%
Frostaskjól ehf.	7.486	2,5%	6.486	2,2%
	219.626	74,1%	203.811	68,8%
Aðrir hluthafar	76.815	25,9%	92.630	31,2%
Samtals útistandandi hlutir	296.441	100,0%	296.441	100,0%

Félagið á engin eigin bréf í árslok 2020. Nánari upplýsingar um atriði tengd hlutafé er að finna í skýringu 20. Viðbótarupplýsingar um hluthafa má nálgast á vefsíðu Sýnar hf. www.syn.is

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn Sýnar hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Ísland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2015. Sýn varð fyrst skráðra félaga á hlutabréfamarkaði á Íslandi til að koma á fót tilnefningarnefnd og starfsreglum fyrir hana haustið 2014. Hlutverk nefndarinnar er að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess og við þá vinnu taka mið af heildarhagsmunum hluthafa. Markmiðið er að stuðla að aukinni fagmennsku, gagnsæi og skilvirkni við myndun stjórnar Sýnar hf. hverju sinni. Félagið er með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef Kauphallarinnar.

Starfsemi Sýnar hf. fellur undir ákvæði laga um ársreikninga um ófjárhagslegar upplýsingar þar sem m.a. eru gerðar kröfur um að fjallað sé um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags-, og starfsmannamál. Þær upplýsingar ásamt upplýsingum um áhættustefnu, stjórn og stjórnhætti má finna í viðaukum með ársreikningnum.

Í ársskýrslu félagsins má síðan m.a. finna ítarlegri upplýsingar um ófjárhagslega mælikvarða, lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, stefnu um samfélagsábyrgð, umhverfis- og mútumál og umhverfisuppgjör félagsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2020 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um og afgreitt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2021

Í stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Hilmar Þór Kristinsson

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Tanya Zharov

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Heiðar Guðjónsson

Forstjóri

Fjárhagslegar lykiltölur

HEILDARTEKJUR



EBITDA OG EBITDA HLUTFALL

AFKOMA



HREINAR VAXTABERANDI SKULDIR

FJÁRFESTINGAR
(ÁN SÝNINGARÉTTA)

FJÁRFESTINGAR Í SÝNINGARRÉTTI

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI



FRJÁLST FJÁRFLÆÐI*

**Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádregnum fjárfestingahreyfingum. Kaup á rekstri og eignahlutum er undanskilið þar sem það tengist ekki endurfjárfestingaþörf samstæðunnar.*

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sýnar hf. fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Sýnar hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sýn hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Sýn hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Tekjuskráning	
Tekjuskráning félagsins er umfangsmikil og byggir á miklu magni færslna úr mörgum kerfum. Af þessum ástæðum er tekjuskráning ein af megináherslum í endurskoðuninni. Frekari upplýsingar um tekjustrauma félagsins má sjá í skýringu 3 með ársreikningnum.	Endurskoðunaraðgerðir okkar voru miðaðar að því að leggja mat á hönnun, innleiðingu og virkni viðeigandi tölvueftirlitsþátta sem tengjast tekjuskráningu ásamt því að beita gagnaendurskoðunaraðgerðum með það að markmiði að sannreyna nákvæmni og heild tekjuskráningar. Í þessari vinnu fólst m.a. eftirfarandi: • Yfirferð á innra eftirliti félagsins vegna tekjuskráningar og prófanir á eftirlitsþáttum í upplýsingakerfum ásamt prófunum á öðrum mikilvægum eftirlitsþáttum tengdum tekjuskráningu. • Skoðun á flæði milli tekju- og fjárhagskerfa og afstemmingar á milli kerfanna. • Skoðanir á aðgangsheimildum starfsmanna í tekjukerfi og ferlið í kringum breytingar á kerfinu. • Prófanir á tekjuskráningu félagsins með greiningartóli þar sem tekjufærslur eru greindar og óvenjulegar færslur teknar til frekari skoðunar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Viðskiptavild	
Viðskiptavild félagsins nemur 8.932 millj. kr. í árslok. Virði viðskiptavildar er háð mati stjórnenda á forsendum í áætluðu framtíðarsjóðstreymi sjóðskapandi einingar og öðrum forsendum sem notaðar eru við núvirðingu á áætluðu sjóðstreymi. Þar sem viðskiptavild er verulegur liður í efnahagsreikningi félagsins og háð mati stjórnenda teljum við þetta vera eina af megináherslum við endurskoðunina. Nánari umfjöllun um viðskiptavildina er að finna í skýringu 12 með ársreikningnum.	Við endurskoðun viðskiptavildar fórum við ásamt verðmatssérfræðingum okkar yfir virðisrýrnunarpróf stjórnenda félagsins. Við fórum yfir þá aðferðarfræði sem beitt er við virðisrýrnunarprófið og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við yfirferð okkar á virðisrýrnunarprófinu framkvæmdum við m.a. eftirfarandi vinnu: • Yfirferð á reiknilíkani félagsins og áreiðanleika þess. • Yfirferð á forsendum í áætlunum stjórnenda sem byggt er á við útreikninga í virðisrýrnunarprófinu og hvort þær séu raunhæfar. • Yfirferð á forsendum fyrir áætluðum framtíðarvexti að loknu spátímabili. • Yfirferð á frávikum frá áætlunum fyrri ára. • Yfirferð yfir ávöxtunarkröfu (WACC) og samanburður á ávöxtunarkröfu við markaðsforsendur.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu, ófjárhagslegum upplýsingum og ársfjórðungsyfirliti.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér fyrir neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sýnar hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
• Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

• Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings frh.:

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það meginháherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings, aðra staðfestingarvinnu og skattaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Sýn hf.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Sýnar hf. á aðalfundi félagsins þann 20. mars 2020. Deloitte hefur verið endurskoðandi Sýnar hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2016.

Reykjavík, 24. febrúar 2021.

Deloitte ehf.

Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2020	2019
Seldar vörur og þjónusta	3	20.786	19.811
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	4	(14.278)	(12.589)
Framlegð		6.508	7.222
Rekstrarkostnaður	5	(6.347)	(6.720)
Virðisrýrnun	12	-	(2.452)
Rekstrarhagnaður (tap)		161	(1.950)
Fjármunatekjur		23	55
Fjármagnsgjöld		(728)	(1.015)
Gengismunur		(205)	(35)
Hrein fjármagnsgjöld	7	(910)	(995)
Áhrif hlutdeildarfélaga	13	98	963
Tap fyrir tekjuskatt		(651)	(1.982)
Tekjuskattur	16	246	234
Tap ársins		(405)	(1.748)
Tap á hlut*	21	(1,4)	(5,9)

Yfirlit um heildarafkomu

	2020	2019
Tap ársins	(405)	(1.748)
Liðir sem gætu síðar verið færðir í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur	156	(103)
Heildarafkoma ársins	(249)	(1.851)

** Þynnt tap á hlut er það sama og tap á hlut.*

Skýringar á bls. 17-39 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Leigueignir	8	5.227	5.828
Rekstrarfjármunir	9	3.818	4.793
Viðskiptavild	12	8.932	8.787
Aðrar óefnislegar eignir	12	4.403	4.648
Eignahlutir í félögum	13	1.398	1.383
Tekjuskattsinneign	17	383	97
Fastafjármunir samtals		24.161	25.536
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	14	1.876	1.814
Birgðir	18	241	427
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	3.217	3.567
Handbært fé		831	634
Veltufjármunir samtals		6.165	6.442
Eignir flokkaðar til sölu	24	536	-
Eignir samtals		30.862	31.978
Eigið fé			
Hlutafé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutafjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		310	112
Óráðstafað eigið fé		2.810	3.257
Eigið fé	20	8.549	8.798
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	22	9.492	10.898
Leiguskuldbindingar	8	4.507	5.390
Aðrar langtímaskuldir	28	166	252
Tekjuskattsskuldbinding	17	16	9
Langtímaskuldir samtals		14.181	16.549
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	22	992	689
Leiguskuldbindingar	8	1.259	938
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	23	5.699	5.004
Skammtímaskuldir samtals		7.950	6.631
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu	24	182	-
Skuldir samtals		22.313	23.180
Eigið fé og skuldir samtals		30.862	31.978

Skýringar á bls. 17-39 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit

			Annað eigið fé				
	Hlutafé	Yfirverð	Þýðingar-munur	Bundinn reikningur	Áhættu-varnir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
2019							
Eigið fé 1.1.2019	2.964	2.465	110	0	(111)	5.279	10.707
IFRS 16, áhrif innleiðingar	-	-	-	-	-	(169)	(169)
Leiðrétt eigið fé 1.1.2019	2.964	2.465	110	0	(111)	5.110	10.538
Tap ársins	-	-	-	-	-	(1.748)	(1.748)
Þýðingarmunur	-	-	(103)	-	-	-	(103)
Áhrif áhættuvarna	-	-	-	-	111	-	111
Heildarafkoma ársins	0	0	(103)	0	0	(1.748)	(1.851)
Hagnaður hlutd.fél. umfram arðgr	-	-	-	105	-	(105)	0
Eigið fé 31.12.2019	2.964	2.465	7	105	0	3.257	8.798
2020							
Eigið fé 1.1.2020	2.964	2.465	7	105	0	3.257	8.798
Tap ársins	-	-	-	-	-	(405)	(405)
Þýðingarmunur	-	-	156	-	-	-	156
Heildarafkoma ársins	0	0	156	0	0	(405)	(249)
Hagnaður hlutd.fél. og dótturfél. umfram arðgr.	-	-	-	42	-	(42)	0
Eigið fé 31.12.2020	2.964	2.465	163	147	0	2.810	8.549

Skýringar á bls. 17-39 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2020	2019
Tap ársins samkvæmt rekstrarreikningi		(405)	(1.748)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	5.578	5.007
Virðisrýrnun	10, 12	-	2.452
Hrein fjármagnsgjöld	7	910	995
Áhrif hlutdeildarfélaga	13	(98)	(963)
Tekjuskattur	16	(246)	(234)
Veltufé frá rekstri		5.739	5.509
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting	18	148	(43)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	19	156	287
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	23	583	551
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		6.626	6.304
Innborgaðar vaxtatekjur		23	55
Greidd vaxtagjöld		(726)	(983)
Greiddur tekjuskattur		(10)	-
Handbært fé frá rekstri		5.912	5.377
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup eignarhluta að frádregnu yfirteknu handbæru fé		(100)	(97)
Fenginn arður	13	144	-
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9	(544)	(1.218)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	12	(505)	(615)
Fjárfesting í sýningarrétti	14	(2.511)	(2.789)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(3.516)	(4.719)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir vaxtaberandi skulda		(683)	(684)
Rekstrarlán, breyting		(420)	705
Afborgun leiguskuldbindinga	8	(1.135)	(401)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		(2.238)	(380)
Breyting á handbæru fé		159	278
Handbært fé í byrjun ársins		634	356
Gengisbreyting á handbæru fé og þýðingarmunur		38	-
Handbært fé í lok ársins		831	634

Skýringar á bls. 17-39 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, Fm957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar".

2. Reikningsskilin

Þessi hluti samstæðuársreikningsins inniheldur upplýsingar um grundvöll reikningsskila samstæðunnar. Ítarlegri upplýsingar um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar eru veittar undir hverjum lið í skýringum.

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Reikningsskilareglum samstæðunnar hefur verið beitt með samræmdum hætti á milli ára.

Til að auka upplýsingagildi samstæðuársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

b. Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð yfir. Félagið fer með yfirráð þegar það ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

	Eignarhlutur		Starfrækslu-gjaldmiðill
Dótturfélög Sýn hf. voru þrjú í árslok og eru eftirfarandi:	2020	2019	
Endor ehf.	100%	100%	EUR
EC Sweden AB.	100%	100%	SEK
EC Germany GmbH	100%	100%	EUR

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu sem þýðingarmunur. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur þýðingarmunur fluttur í rekstrarreikning.

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

c. Sameiginlegur rekstur

Sendafélagið ehf. var stofnað um sameiginlegan rekstur á farsímadreifikerfum Sýn hf. og Nova ehf. Hvort félag um sig á 50% hlut í Sendafélaginu ehf. og er hlutur samstæðunnar í hverjum lið rekstrar og efnahags í Sendafélaginu ehf. færður í ársreikning samstæðunnar línu fyrir línu.

Skýringar, frh.:

2. Reikningsskilin frh.:

d. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.
Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningi er að finna í skýringu 12 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum sjóðskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild og skýringu 8 um mat á leigutíma og innbyggðum vöxtum leigusamnings.

e. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

f. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.
Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum.

- Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir sem yfirteknar eru við samruna eru metnar á gangvirði á yfirtökudegi.
- Gangvirði við upphaflega færslu eignarhluts í hlutdeildarfélagi, P/F Hey, var metið með hliðsjón af söluverði.
- Gangvirði á skuld vegna árangurstengds kaupverðs vegna kaupa á Endor ehf. er metið út frá núvirtum framtíðargreiðslum og mati á líkum á því að árangurstenging sé uppfyllt.

Skýringar, frh.:

3. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2020	2019
Vörusala	1.082	1.122
Seld þjónusta	19.704	18.689
Seldar vörur og þjónusta samtals	20.786	19.811

Samstæðan skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

Tekjustraumar

Tekjustraumar eru birtir eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sjö tekjustrauma sem eru mismunandi í eðli sínu. Tekjustraumarnir eru:



Fjölmiðlun samanstendur af tekjum af starfsemi ljósvakamiðla, áskriftartekjum og tekjum af auglýsingasölu, tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum félagsins, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða. Frammistöðuskuldbindingar vegna áskriftatekna og leigu á efni eru uppfylltar yfir tímabil þar sem viðskiptavinurinn nýtur þjónustunnar samhliða því að hún er veitt, tekjur eru færðar samkvæmt því. Tekjur af auglýsingasölu eru færðar þegar félagið hefur uppfyllt skuldbindingu sína gagnvart viðskiptavinum um birtingu. Tekjur af leigu á einstaka kvikmyndum, þáttum og sýningu viðburða eru færðar eftir að sýningartíma viðkomandi efnis lýkur sem er almennt 48 klukkustundum eftir kaup. Tekjur af leigu á búnaði, s.s. myndlyklum, eru færðar mánaðarlega samkvæmt samningum.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum, internetþjónustu, aðgangsgjöldum og leigu á netbeinum. Frammistöðuskuldbinding vegna internetþjónustu er uppfyllt yfir tímabil þar sem viðskiptavinurinn nýtur þjónustunnar samhliða því að samstæðan veitir hana. Tekjur eru færðar mánaðarlega samkvæmt uppgjöri á föstu gjaldi að viðbættu breytilegu gjaldi vegna notkunar þegar það á við. Tekjur af leigu á búnaði, s.s. netbeinum, eru færðar mánaðarlega samkvæmt samningum.

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinneignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma. Viðskiptavinir geta keypt farsímaþjónustu í gegnum áskrift þar sem fast gjald að viðbættum notkunartengdum gjöldum er gert upp mánaðarlega miðað við notkun eða fyrirframgreitt frelsi. Frammistöðuskuldbindingar samstæðunnar vegna farsímaþjónustu eru uppfylltar yfir tímabil þar sem viðskiptavinur nýtur þjónustunnar samhliða því að hún er veitt.

Skýringar, frh.:

3. Seldar vörur og þjónusta frh.:

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu. Samningar eru til mánaðar í senn og fast gjald að viðbættu breytilegu gjaldi fyrir notkun er gert upp mánaðarlega. Frammistöðuskuldbinding vegna heimasíma er uppfyllt yfir tímabil þar sem viðskiptavinur nýtur þjónustunnar samhliða því að hún er veitt.

Hýsingar- og rekstrarlausnir samanstanda af tekjum og þjónustu við skýjalausnir og sérhæfðri sölu miðlægra lausna við gagnaverstengda starfsemi ásamt aðfangastjórnun og ráðgjöf við gagnaverstengda þjónustu. Frammistöðuskuldbindingar vegna rekstrar og þjónustu eru uppfylltar yfir tímabil þar sem viðskiptavinur nýtur þjónustunnar samhliða því sem hún er veitt. Tekjur af sölu búnaðar eru færðar á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vörunni flytjast til viðskiptavinar, sem er við afhendingu vörunnar.

Vörusala samanstendur af sölu á búnaði og fylgihlutum. Tekjur af vörusölu eru færðar á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vörunni flytjast til viðskiptavinar, sem er við afhendingu vörunnar.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum, tekjum af hugbúnaði, útseldri vinnu og öðrum tilfallandi tekjum.

Tekjur af sölu á vöru og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og öðrum endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar samstæðan hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Skýringar, frh.:

4. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2020	2019
Kostnaðarverð seldrar vara og þjónustu	7.900	6.882
Laun og launatengd gjöld	2.203	2.171
Eignfærð laun	(156)	(230)
Afskriftir	4.331	3.766
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	14.278	12.589

5. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2020	2019
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.334	1.411
Sölu- og markaðskostnaður	542	546
Laun og launatengd gjöld	3.342	3.723
Eignfærð laun	(118)	(201)
Afskriftir	1.247	1.241
Rekstrarkostnaður samtals	6.347	6.720

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	4.507	4.803
Lífeyrisiðgjöld	588	628
Önnur launatengd gjöld	450	463
Laun og launatengd gjöld samtals	5.545	5.894
Stöðugildi að meðaltali á árinu	467	522

Í árslok 2020 voru 56% af stjórnendum samstæðunnar karlar og 44% konur (2019: 60% / 40%).

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi á sama tíma og vinnuframlag starfsmanns fellur til.

7. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé og kröfum samstæðunnar. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til. Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og leiguskuldbindingum samstæðunnar og þjónustugjöldum. Vaxtagjöld vegna lána eru færð miðað við aðferð virkra vaxta. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	22	44
Aðrar vaxtatekjur	1	11
Fjármunatekjur samtals	23	55
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(728)	(1.015)
Hreint gengistap	(205)	(35)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(910)	(995)

Skýringar, frh.:

8. Leigusamningar

Samstæðan færir eignir og skuldir vegna leigusamninga um skrifstofuhúsnæði, lagerhúsnæði, bifreiðar, hýsingar og klasa.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueign er upphaflega metinn á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun og leiðrétt vegna viss endurmats á leiguskuldinni (verðbólgubreytingum).

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í leigusamningnum, eða ef það er ekki hægt að ákvarða þá vexti, með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan sína vexti á nýju lánsfé við núvirðingu leigugreiðslna af húsnæði en fyrir aðra vísitölutengda leigusamninga notast samstæðan við vexti samstæðunnar af nýju lánsfé að viðbætu álagi sem endurspeglar tímalengd samninga, undirliggjandi veð og ábyrgðir. Vegið meðaltal vaxta er 5,35%.

Leiguskuldin er svo hækkuð vegna verðlags- og gengisbreytinga og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna. Hún er endurmetin þegar það er breyting á framtíðarleigugreiðslum vegna breytingar á vísitölu, gengi eða vöxtum, breytingar á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar ef slíkt er til staðar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða hvort nokkuð víst er að uppsagnarheimild verði ekki nýtt. Stjórnendur hafa beitt dómgreind við ákvörðun leigutíma sumra leigusamninga þar sem samstæðan er leigutaki og samningarnir innihalda endurnýjunarheimildir. Mat á því hvort samstæðan er nokkuð víss að hún muni nýta slíkar heimildir hefur áhrif á leigutímann, sem hefur veruleg áhrif á fjárhæð færðra leiguskulda og leigueignar.

Leigueignir greinast þannig:	Fasteignir	Bifreiðar	Hýsingar	Klasar	Samtals
Staða á innleiðingardegi 1. janúar 2019	2.541	52	990	-	3.583
Verðbætur	115	1	11	-	126
Viðbætur vegna nýrra samninga	11	106	15	-	131
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi	-	-	-	2.489	2.488
Samningar niðurlagðir	-	(45)	-	-	(46)
Afskriftir	(259)	(34)	(165)	-	(458)
Staða 31. desember 2019	2.408	80	851	2.489	5.828
Verðbætur	75	5	20	-	101
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	-	-	-	350	350
Endurmat líftíma samninga	13	4	260	-	277
Afskriftir	(228)	(39)	(188)	(730)	(1.184)
Leigueignir flokkaðar til sölu, sjá skýringu 25	-	-	(144)	-	(144)
Staða 31. desember 2020	2.268	50	800	2.109	5.227

Upphæðir færðar í rekstrarreikning greinast þannig:	2020	2019
Afskriftir af leigueignum	1.184	458
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	345	209
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	(19)	-
Vaxtatekjur af leigukröfu	(9)	(13)
Samtals fært í rekstrarreikning á árinu	1.501	654

Leiguskuldbinding*	31.12.2020	31.12.2019
Innan árs	1.259	938
Eftir ár eða innan 5 ára	2.555	3.595
5 ár og síðar	1.952	1.795
Samtals	5.766	6.328

**Leiguskuldbindingar sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu eru ekki hluti af gjaldagagreiningu, sjá skýringu 24.*

Skýringar, frh.:

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin og við að koma eigninni í notkun. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja ákveðinn búnað er færður til eignar sem hluti af þeim búnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann. Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða rekstrarkostnaðar.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:				
	Fasteignir	Fjarskipta- og ljósvaka búnaður	Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Kostnaðarverð 1.1.2019	51	13.625	1.880	15.557
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	-	(4.449)	(328)	(4.777)
Viðbætur á árinu	-	927	291	1.218
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi	-	-	23	23
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	(60)	(60)
Kostnaðarverð 31.12.2019	51	10.103	1.806	11.960
Viðbætur á árinu	-	511	81	593
Selt og niðurlagt á árinu	(16)	-	(3)	(20)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	-	-	3	3
Eignir flokkaðar til sölu færðar út	-	(1.025)	-	(1.025)
Kostnaðarverð 31.12.2020	35	9.589	1.888	11.511
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskriftir 1.1.2019	21	9.673	1.080	10.772
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	-	(4.449)	(328)	(4.777)
Afskrift ársins	2	1.018	213	1.232
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	(60)	(60)
Afskrifað alls 31.12.2019	23	6.242	903	7.167
Afskrift ársins	1	952	232	1.185
Selt og niðurlagt á árinu	(9)	-	(3)	(12)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	-	-	6	6
Eignir flokkaðar til sölu færðar út	-	(653)	-	(653)
Afskrifað alls 31.12.2020	15	6.542	1.137	7.693
Bókfært verð				
31.12.2019	28	3.861	903	4.793
31.12.2020	20	3.047	751	3.818
Afskriftarhlutföll	3%	5-33%	15-33%	

Skýringar, frh.:

10. Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Fjarskiptabúnaður	3 til 20 ár
Ljósvakabúnaður	4 til 7 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	3 til 7 ár

Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort eignir samstæðunnar sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar, eða fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	3-10 ár
Vörumerki og viðskiptasambönd	10 til 33 ár

Afskriftir og virðisrýrnun í rekstrarreikningi greinast þannig:	2020	2019
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 9	1.185	1.232
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 12	760	797
Virðisrýrnun viðskiptavildar, sbr. skýringu 12	-	2.452
Afskriftir leigueigna, sbr. skýringu 8	1.184	458
Afskriftir sýningarétta, sbr. skýringu 14	2.449	2.520
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	5.578	7.459

Afskriftir á rekstrarliði

Afskriftir á rekstrarliði greinast þannig:	2020	2019
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	4.331	3.766
Rekstrarkostnaður með virðisrýrnun viðskiptavildar	1.247	3.692
Fært í rekstrarreikning sem virðisrýrnun og afskriftir	5.578	7.459

11. Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Bókfært verð fasteigna samstæðunnar nam 20 millj. kr. í árslok 2020 (2019: 28 millj. kr.), en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 38 millj. kr. (2019: 57 millj. kr.) og brunabótamat 40 millj. kr. (2019: 68 millj. kr.). Vátryggingarverðmæti annarra eigna nam 5.338 millj. kr. í árslok (2019: 5.007 millj. kr).

Skýringar, frh.:

12. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild sem myndast við sameiningu er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi eða rekstri. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði og hlutdeildar í hreinni eign hins keypta eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Ef bókfært verð sjóðskapandi einingar er hærra en endurheimtanlegt virði hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

Aðrar óefnislegar eignir sem samstæðan hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan samstæðunnar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskipta - vild	Vörumerki og viðskipta - sambönd	Hug- búnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Kostnaðarverð 1.1.2019	13.486	3.293	4.199	20.978
Fullafskrifaðar eignir	-	-	(1.180)	(1.180)
Viðbætur á árinu	-	-	615	615
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi	593	-	22	616
Kostnaðarverð 31.12.2019	14.079	3.293	3.656	21.029
Breyting vegna kaupverðsútdeilingar	49	-	-	49
Viðbætur á árinu	-	-	505	505
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	94	-	2	96
Kostnaðarverð 31.12.2020	14.223	3.293	4.163	21.679
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskriftir og virðisrýrnun 1.1.2019	2.839	215	2.469	5.522
Fullafskrifaðar eignir	-	-	(1.180)	(1.180)
Afskrift ársins	-	199	598	797
Virðisrýrnun	2.452	-	-	2.452
Afskrifað alls 31.12.2019	5.291	414	1.887	7.592
Afskrift ársins	-	199	561	760
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	-	-	(8)	(8)
Afskrifað alls 31.12.2020	5.291	613	2.440	8.344
Bókfært verð				
31.12.2019	8.787	2.879	1.769	13.435
31.12.2020	8.932	2.680	1.723	13.335
Afskriftarhlutföll	-	3-11%	10-33%	

Skýringar, frh.:

12. Óefnislegar eignir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðskapandi einiga sem innihalda viðskiptavild

Viðskiptavild hefur verið úthlutað á sjóðskapandi einingar fyrir framkvæmd virðisrýrnarprófs, eins og fram kemur hér að neðan.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig:

	2020	2019
Viðskiptavild Sýn hf.	8.194	8.194
Viðskiptavild Endor ehf.	738	593
Viðskiptavild samtals	8.932	8.787

Endurheimtanleg fjárhæð sjóðskapandi einiga var metin út frá nýtingarvirði. Nýtingarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu einiganna. Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Samkvæmt uppfærðum framtíðaráætlunum félagsins stenst sjóðskapandi eign Sýnar hf., sem inniheldur fjarskipta- og fjölmiðlarekstur samstæðunnar, virðisrýrnunarpróf.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á nýtingarvirði viðskiptavildar Sýn hf.:

	2020	2019
Nafnvöxtur tekna 2020 / 2019	(7,3%)	(4,5%)
Meðalvöxtur tekna 2021 til 2025 / 2020 til 2024	3,1%	1,5%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	3,0%	3,0%
EBITDA meðalvöxtur 2021 til 2025 / 2020 til 2024	6,3%	2,6%
Ávöxtunarkrafa, WACC	9,4%	9,3%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar á lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði viðskiptavildarinnar yrði lægra en bókfært verð hennar. Meðalvöxtur tekna 2021 til 2025 eykst umtalsvert frá fyrra prófi vegna áhrif COVID-19 á tekjur félagsins á árinu 2020. Sjá frekar í skýringu 29.
Einnig var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild vegna kaupa á Endor ehf. og var endurheimtanlegt virði viðskiptavildar hærra en bókfært verð og því ekki tilefni til að færa virðisrýrnun.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á nýtingarvirði viðskiptavildar Endor ehf.:

	2020
Nafnvöxtur tekna 2020	13,7%
Meðalvöxtur tekna 2021 til 2025	11,5%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	3,0%
EBITDA meðalvöxtur 2021 til 2025	3,9%
Ávöxtunarkrafa, WACC	12,0%

13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru óverulegir og eru færðir á kostnaðarverði.

	2020	2019
Bókfært verð 1.1.	1.360	48
Eignarhlutur í P/F Hey færður sem hlutdeildarfélag	-	452
Matsbreyting á eignarhlut í P/F Hey	-	690
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	98	91
Þýðingarmunur	61	(8)
Fjárfesting á árinu	-	87
Móttekinn arður	(144)	
Bókfært verð 31.12.	1.375	1.360
Eignarhlutir í öðrum félögum	23	23
Bókfært verð eignarhluta í félögum 31.12.	1.398	1.383

Skýringar, frh.:

14. Sýningarréttir

Sýningarréttir samanstanda af eigin framleiðslu og aðkeyptum sýningarréttum. Sýningarréttir eru færðir á kostnaðarverði að viðbættum beinum kostnaði við að koma eigninni í nýtingarhæft form. Innlendir og erlendir sýningarréttir eru afskrifaðir miðað við metinn nýtingartíma þeirra. Nýtingartími er metinn út frá eðli réttindanna (línuleg og/eða SVOD) og samningstíma. Við það mat er horft á þann tíma sem rétturinn er talinn skila félaginu efnahagslegum ávinningi. Afskrift á sýningarréttum hefst þegar félagið hefur fengið efni afhent til sýninga. Sýningarréttir vegna íþróttaefnis eru afskrifaðir yfir þann tíma sem viðburðurinn er sýndur.

Sýningarréttir greinast þannig:	2020	2019
Bókfært verð 1.1.	1.814	1.545
Erlendir sýningarréttir	1.777	2.226
Innlent efni	734	565
Afskrift ársins	(2.449)	(2.520)
Bókfært verð 31.12.	1.876	1.814

Í árslok 2020 nam skuldbinding vegna sýningarrétta utan efnahags 1.740 millj. kr. (2019: 1.979 millj. kr.).

15. Þóknun til endurskoðunarfyrirtækja

	Endurskoðendur samstæðunnar		Aðrir endurskoðendur	
Veitt þjónusta skiptist með eftirfarandi hætti:	2020	2019	2020	2019
Endurskoðun	20	19	-	-
Önnur þjónusta	9	8	1	11
Þóknun til endurskoðendafyrirtækja samtals	29	27	1	11

16. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins er frestaður tekjuskattur og skattur til greiðslu. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum eða keyptum rekstri.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2020		2019	
Tap fyrir tekjuskatt		(651)		(1.982)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	(20,0%)	130	(20,0%)	396
Áhrif hlutdeildarfélaga	(4,6%)	30	(1,0%)	19
Ófrádráttarbær virðisrýrnun	-	-	24,7%	(490)
Óskattskyldur söluhagnaður	-	-	(8,8%)	174
Aðrir liðir	(13,3%)	85	(6,9%)	134
Virkur tekjuskattur	(37,9%)	246	(11,9%)	234

Skýringar, frh.:

17. Tekjuskattsinneign (skuldbinding)

Frestaður tekjuskattur samstæðunnar greinist þannig:	2020 Skatteign	2020 Skatt-skuldb.	2019 Skatteign	2019 Skatt-skuldb.
Staða 1.1	97	(9)	(138)	-
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	262	(16)	234	-
Aðrir liðir	24	9	1	(9)
Frestaður tekjuskattur í árslok	383	(16)	97	(9)

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á einstaka liði:	2020		2019	
Rekstrarfjármunir	(170)	(6)	(257)	-
Veltufjármunir	62	(3)	164	-
Leigusamningar	77	-	43	-
Aðrir liðir	45	(6)	7	(9)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	369	-	140	-
Frestaður tekjuskattur í árslok	383	(16)	97	(9)

Yfirfæranlegt tap samstæðunnar greinist þannig:	Staða í upphafi árs	Breyting á árinu	Staða í árslok
Yfirfæranlegt tap ársins 2020 nýtanlegt til 2030	679	1.165	1.843

18. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða er byggt á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Birgðir greinast þannig:	2020	2019
Fjarskiptabúnaður til endursölu	208	336
Óuppsettur sendabúnaður (rekstrarvörubirgðir)	17	71
Aðrar rekstrarvörubirgðir	16	20
Birgðir í árslok	241	427

Skýringar, frh.:

19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignirnar eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptakröfur	2.823	3.167
Aðrar skammtímakröfur	347	356
Leigukröfur	166	147
Leigukröfur flokkaðar til sölu færðar út	(20)	-
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(99)	(102)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.217	3.567

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna. Eignirnar hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðsstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun er mismunurinn á bókfærðu verði annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Metin virðisrýrnun er færð sem hluti af niðurfærslu viðskiptakrafna og gjaldfærð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt við atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun er færð.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:		
Staða 1.1.	(102)	(79)
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast	(59)	(44)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	62	21
Staða niðurfærslu viðskiptakrafna 31.12.	(99)	(102)

Skýringar, frh.:

20. Eigið fé

Hlutafé

Samtals útgefið hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 2.964 millj. kr. (2019: 2.964 millj. kr.). Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun. Samkvæmt samþykktum eru engar hömlur lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Lögbundinn varasjóður er færður sem hluti af yfirverðsreikningi.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends hlutdeildarfélags og dótturfélags með erlendan starfsrækslugjaldmiðil í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er seld eða lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp og færður í rekstrarreikning.

Arður

Ekki var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2019 og tillaga stjórnar til aðalfundar er að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2020.

Bundinn reikningur

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram það sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn reikning á meðal eigin fjár. Miðað er við að kröfur um bindingu gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2016 og síðar.

21. Tap á hlut

Tap á hlut er hlutfall af tapi sem tilheyrir hluthöfum í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynnt tap á hlut miðar við tap sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefinna hluta vegna kauprétta starfsmanna. Þynnt tap á hlut er jafnt tap á hlut, þar sem félagið hefur hvorki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé né gert kaupréttarsamninga.

Tap á hlut greinist þannig:	2020	2019
Tap ársins	(405)	(1.748)
Hlutafé í ársbyrjun	2.964	2.964
Áhrif keyptra og seldra eigin hluta	-	-
Áhrif hlutafjárhækkunar(lækkunar)	-	-
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	2.964	2.964
Tap á hlut og þynnt tap á hlut	(1,37)	(5,90)
Tap og þynnt tap á hverja krónu hlutafjár	(0,14)	(0,59)

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir eru færðar á þeim degi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Vaxtaberandi skuldir eru upprunalega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	2020	2019
Skuldir við lánastofnanir	10.484	11.587
Næsta árs afborganir	(992)	(689)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	9.492	10.898

Hreyfingar vaxtaberandi langtímaskulda	2020	2019
Staða 1.1.	11.587	11.566
Afborganir	(683)	(684)
Breytingar á rekstrarlánalínu	(420)	705
Staða 31.12.	10.484	11.587

Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok eru óverðtryggðar í íslenskum krónum og vegið meðaltal vaxta er 2,1% (2019: 4,4%)

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:	2020	2019
Afborganir 2020	-	689
Afborganir 2021	992	985
Afborganir 2022	683	683
Afborganir 2023	8.809	9.231
Samtals	10.484	11.587

Í lánasamningum félagsins eru til staðar kvaðir sem félagið þarf að uppfylla. Kvaðirnar snúa bæði að ákveðnum hömlum á aðgerðir félagsins án fyrirfram samþykkis lánveitanda sem og fjármálahlutföllum sem félagið þarf að uppfylla. Í árslok uppfyllti félagið allar kvaðir lánasamnings sem og þá lánaskilmála sem snúa að fjármálahlutföllum í rekstri þess. Félagið hefur heimild til að óska eftir framlengingu til allt að 36 mánaða á um það bil helming af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins.

Veðsetningar

Á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 6.015 millj kr. (2019: 5.807 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum félagsins við Landsbanka Íslands í árslok 2020. Tryggingin nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum, leigueignum, birgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Skýringar, frh.:

23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á þeim degi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptaskuldir	3.599	3.431
Ógreiddur virðisaukaskattur	345	305
Fyrirfram innheimtar tekjur	153	196
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	1.602	1.072
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.699	5.004

Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddrar áskrifta og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum.

24. Eignir flokkaðar til sölu

Eignasamstæður eru flokkaðar til sölu þegar félag hefur í hyggju að selja þær, þær eru tiltækir til sölu og verulegar líkur er á sölu innan 12 mánaða. Eignasamstæður eru eignir sem félagið hyggst selja í einu lagi ásamt tengdum skuldum. Eignasamstæður sem flokkaðar eru til sölu eru metnar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Slíkar eignasamstæður eru ekki afskrifaðar. Eignir og skuldir sem flokkar er til sölu eru sérgreindar í efnahagsreikningi.

Samningar hafa tekist í öllum megin atriðum varðandi sölu á óvirkum innviðum farsímakerfisins. Fjárhagslegir skilmálar verða í samræmi við fyrri tilkynningar til Kauphallar. Stjórn félagsins hefur veitt stjórnendum umboð til að undirrita nauðsynleg skjöl. Samningarnir verða með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Miðað við þá skilmála sem nú liggja fyrir myndu viðskiptin styrkja efnahagsreikning samstæðunnar og gæti væntur söluhagnaður numið yfir sex milljörðum króna, gangi viðskiptin eftir. Gert er ráð fyrir að langtímaleigusamningur verði gerður til 20 ára, sem tryggja mun áframhaldandi aðgang félagsins að hinum óvirku farsímainnviðum. Fjárhæðir og reikningshaldsleg meðferð viðskiptanna mun ráðast af endanlegum samningum, þar með talið hve stór hluti söluhagnaðarins mun fara í gegnum rekstrarreikning félagsins. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu félagsins.

Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:	2020
Leigueignir	144
Leigukrafa	20
Rekstrarfjármunir	372
Eignir flokkaðar til sölu samtals	536

Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu greinast þannig:	2020
Langtíma leiguskuldbindingar	44
Skammtíma leiguskuldbindingar	138
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu samtals	182

Skýringar, frh.:

25. Áhættustýring

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta
Lausafjáráhætta
Markaðsáhætta

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu og markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á áhættu tengdri markaði og starfsemi samstæðunnar.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og mánaðarlega er fylgst með áhættu vegna hennar. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna, innheimtusögu og framtíðarhorfur í efnahagsumhverfi viðskiptamanna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.	2020	2019
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	19	3.217	3.567
Handbært fé		831	634
Samtals		4.048	4.201

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn samstæðunnar 644 millj. kr. (2019: 736 millj. kr.)

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:	2020	2019	2020	2019
Ógjaldfallið	3.056	3.268	(28)	(30)
Gjaldfallið innan 90 daga	101	177	(10)	(14)
Gjaldfallið fyrir meira en 90 dögum	159	225	(61)	(59)
Heildarstaða viðskiptakrafna í árslok	3.316	3.669	(99)	(102)

Skýringar, frh.:

25. Áhættustýring frh.:

c. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Félagið hefur sett sér fjárstýringarstefnu þar sem skilgreind er stefna varðandi lausafjárstýringu. Stefnan er til grundvallar meðhöndlunar á handbæru fé og ráðstöfun þess og segir til um hvernig skuli lágmarka áhættu og tryggja handbært fé til að standa skil á skuldbindingum félagsins. Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Samstæðan hefur aðgengi að rekstrarlánalínu hjá viðskiptabanka sínum ef á þarf að halda. Ónýtt lánsheimild rekstrarlánalínu og yfirdráttar var 1.324 millj. kr. í árslok. (2019: 755 millj. kr.)

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum án leigusamninga, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig (fjárhæðirnar eru ekki núvirtar):

	Bókfært verð	Umsamið sjóð-streymi	Innan árs	1 til 2 ár	2 til 5 ár	Meira en 5 ár
31. desember 2020						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	10.484	11.045	1.179	856	9.010	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	5.699	5.699	5.699	-	-	-
Samtals	16.183	16.744	6.878	856	9.010	0
31. desember 2019						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	11.587	13.138	1.131	3.277	8.729	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	5.004	5.004	5.004	-	-	-
Samtals	16.591	18.142	6.135	3.277	8.729	0

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Skýringar, frh.:

25. Áhættustýring frh.:

e. Gjaldmiðlagengisáhætta

Framsetningargjaldmiðill samstæðunnar er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa samstæðunnar er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evrur (EUR), dollar (USD), sterlingspund (GBP) og SDR (uppgjörsgjaldmiðill vegna reikis). Fjármálasvið er ábyrgt fyrir að fylgjast með gengisþróun helstu gjaldmiðla með tilliti til áhrifa fjáreigna og fjárskulda í erlendum gjaldmiðli á reikningsskilin.

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum í millj. kr.

31. desember 2020	EUR	USD	GBP	SDR
Viðskiptakröfur	391	4	-	21
Handbært fé	218	4	-	-
Viðskiptaskuldir	(1.334)	(679)	(28)	(11)
Áhætta í efnahagsreikningi	(725)	(671)	(28)	10

31. desember 2019	EUR	USD	GBP	SDR
Viðskiptakröfur	400	3	-	110
Handbært fé	115	-	-	-
Viðskiptaskuldir	(937)	(735)	(37)	(81)
Áhætta í efnahagsreikningi	(422)	(732)	(37)	29

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2020	2019	2020	2019
EUR	154,52	137,30	156,10	135,83
USD	135,27	122,65	127,21	121,10
GBP	188,52	156,49	183,85	159,42
SDR	173,59	169,44	173,55	167,75

Næmnigreining

10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í árslok myndi hækka eigið fé og afkomu samstæðunnar um 141 millj. kr. fyrir tekjuskatt, (2019: hækkun 111 millj. kr.). Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2019.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

f. Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:	2020	2019
Fjárskuldir með breytilega vexti	10.484	11.587

Hækkun á vöxtum um 100 punkta hefði lækkað afkomu og eigið fé um 105 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2019: 116 millj. kr.), lækkun á vöxtum um 100 punkta hefði haft áhrif í gagnstæða átt. Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

g. Gangvirði

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

Skýringar, frh.:

26. Eiginfjárstýring

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 30% eiginfjárhlutfall. Eiginfjárhlutfall í lok árs 2020 nam 27,8% (2019: 27,5%).

27. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð í eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Laun og eignarhald stjórnar og lykilstjórnenda

Laun stjórnenda skiptast á eftirfarandi hátt í föst og breytileg starfskjör, án launatengdra gjalda.	2020 Föst kjör	2020 Breytileg kjör	2019 Föst kjör	2019 Breytileg kjör	Fjöldi virkra hluta árslok 2020
Lykilstjórnendur:					
Heiðar Guðjónsson, forstjóri	42,2	-	35,1	-	- *
Stefán Sigurðsson, fyrrv. forstj.		-	51,4	-	6.186
Framkvæmdastjórar	178	-	175	-	122.800

*Heiðar Guðjónsson á ekki eignarhlut í Sýn hf. en Ursus ehf. fjárhagslega tengdur aðili á 9,16% í félaginu.

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óveruleg. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila og félaga tengdum þeim nam 290 millj. kr. á árinu 2020 (2019: 304 millj. kr.), en kaup á vörum og þjónustu námu 77 millj. kr. (2019: 42 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

28. Kaup á Endor ehf.

Kaupaðferðinni er beitt við færslu á kaupum samstæðunnar á eignarhlutum í dótturfélögum. Kaupverðið er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, eiginfjárgerninga sem gefnir eru út og skulda sem stofnað er til, eða teknar eru yfir á yfirtökudegi. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á kaupdegi. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna yfirtekins félags er mismunurinn færður beint til tekna í rekstrarreikningi.

Þann 18. október 2019 undirritaði Sýn hf. kaup á öllu hlutafé í upplýsingatæknifyrirtækinu Endor ehf. (Endor). Félagið mun reka Endor ehf. í óbreyttri mynd sem dótturfélag og nýta stuðning og innviði Sýnar hf. og alþjóðlegar tengingar Endor ehf. í að styðja enn frekar við frekari vöxt Endor ehf. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin 1. desember 2019.

Hluti af kaupverði á Endor ehf. er skilyrt og háð árangri í rekstri félagsins næstu 3 ár. Samkvæmt því skal kaupverðið leiðrétt til hækkunar um allt að 300 milljónir króna ef skilyrtur árangur næst. Árangurinn snýr að því að raunframlegð af heildarveltu Endor ehf. vegna samnings þess við Atos Information Technology GmbH og annarra gagnaversviðskipta verði umfram skilgreint lágmark. Ef raunframlegð fer niður fyrir skilgreint lágmark lækkar kaupverðið hlutfallslega krónu fyrir krónu.

Kaupverð skiptist á eftirfarandi hátt:	2020	2019
Handbært fé	366	366
Skilyrt kaupverð	252	252
Kaupverð samtals	618	618

Kostnaður í tengslum við kaupin er ekki meðtalin í kaupverði heldur var gjaldfærður þegar hann féll til.

Endanlegri kaupverðsútdeilingu lauk innan við 12 mánuðum frá kaupdegi í samræmi við IFRS 3. Viðskiptavild hækkaði um 44 millj. frá bráðabirgðakaupverðsútdeilingu sem framkvæmd var 2019.

29. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Síminn hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppniseftirlitinu, Sýn hf., Nova ehf. og Sendafélaginu ehf.

Síminn hf. stefndi Samkeppniseftirlitinu, Sýn hf., og Nova ehf. og krafðist ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2015 ásamt því sem Síminn stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf. og Nova ehf. og krafðist ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Jafnframt átti Sendafélagið ehf. aðild að málunum. Með þessum stjórnvaldsákvörðunum heimiluðu Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið Sýn hf. og Nova ehf. að samnýta tíðniheimildar félaganna í sérstöku rekstrarfélagi. Hefur sá samrekstur farið fram á vegum Sendafélagsins ehf.

Með dómum Héraðsdóms sem kveðnir voru upp 1. apríl 2019 var sýknað af öllum kröfum Símans hf. í báðum dómsmálunum. Áfrýjaði Síminn hf. málunum til Landsréttar, sem staðfesti niðurstöður héraðsdóms hinn 25. september 2020 með dómum í málum nr. 284 og 285/2019. Engri fjárkröfu var beint að Sýn hf. í málunum.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., og gagnsök

Í málinu gerir stefnandi málsins, Síminn hf., aðallega kröfu um að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 10/2018 verði felld úr gildi í heild sinni. Til vara er gerð sú krafa að 6. tl. ákvörðunarinnar, um álagningu stjórnvaldssektar á Símann hf., verði felldur úr gildi eða sektarfjárhæðin lækkuð. Þá er gerð krafa um að stefndu verði dæmd til greiðslu málkostnaðar.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að túlkun á ákvæði 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og hvort Síminn hf. hafi brotið gegn ákvæðinu með því að bjóða eingöngu upp á efnisveitu sína til þeirra sem keyptu fjarskiptaþjónustu hjá samstæðu Símans hf., með það að markmiði að ná viðskiptavinum í fjarskiptaþjónustu. Dómur féll í héraði 1. júlí 2020 þar sem stjórnvaldssekt skv. ákvörðun PFS var lækkuð en að öðru leyti var kröfum Símans hafnað. Sýn hefur nú áfrýjað málinu, og það hafa Síminn hf. og PFS einnig gert. Dómkröfur félagsins fyrir Landsrétti eru þær að sýknað verði af öllum kröfum Símans hf. í héraði og að Síminn verði dæmdur til að greiða félaginu málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Skýringar, frh.:

Skaðabótakrafa gegn Símanum hf.

Sýn hf. hefur höfðað mál fyrir héraðsdómi og gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. hafi valdið félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Dómkrafan í málinu byggir á matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 17. mars 2020, sbr. matsmál nr. M-2957/2019. Aðalkrafa félagsins er um greiðslu á 125 millj. auk vaxta og dráttarvaxta. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi Símans hf. Síminn hf. hefur skilað greinargerð og krafist sýknu auk málskostnaðar úr hendi félagsins. Aðalmeðferð hefur ekki verið ákveðin.

Krafa á Ingibjörgu Pálmadóttur, Jón Ásgeir Jóhannesson og 365 hf.

Sýn hf. hefur höfðað mál fyrir héraðsdómi og gert fjárkröfu á hendur 365 hf., Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur. Aðilar gerðu með sér samning um kaup félagsins á umfangsmikilli starfsemi stefnda 365 hf. Í samningnum var að finna ákvæði um hömlur á samkeppni af hálfu stefndu og jafnframt ákvæði um dagsektir/févíti yrði brotið gegn samkeppnisákvæðum. Undirgengust bæði 365 hf. og svo þeir sem stóðu að hinum keypta rekstri persónulega skuldbindingar hvað þetta varðaði. Dómkrafan byggir á því að brotið hafi verið gegn samkeppnisákvæðunum og að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á þeim brotum. Gerir félagið kröfu um greiðslu dagsekta/févítis skv. fortakslausum ákvæðum í samningi aðila og nemur dómkrafan 1.698 millj. kr. auk vaxta og dráttarvaxta eins og greinir í stefnu málsins. Þá gerir félagið kröfu um málskostnað in solidum úr hendi stefndu. Stefndu hafa skilað greinargerð þar sem krafist er aðallega sýknu en til vara að dómkröfur verði lækkaðar verulega, auk þess sem krafa er gerð um greiðslu málskostnaðar úr hendi félagsins. Aðalmeðferð hefur ekki verið ákveðin.

Yfirvofandi kröfur og annar ágreiningur

Skaðabótakrafa 365 miðla ehf., Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur á hendur Sýn hf., forstjóra og stjórnarmönnum

365 miðlar hf., Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir höfðuðu mál á hendur Sýn hf., forstjórar og nánar tilgreindum núverandi og fyrrum stjórnarmönnum félagsins. Var málið höfðað til heimtu skaðabóta vegna tjóns sem stefndu töldu sig hafa orðið fyrir vegna tiltekinna ummæla í ársreikning Sýnar hf. og vegna meintrar tilhæfulausrar málsóknar Sýnar hf. á hendur Jóni Ásgeiri og Ingibjörgu Stefaníu. Málinu var vísað frá dómi með úrskurði Landsréttar 14. des. 2020 í máli nr. 613/2020 vegna vanreifunar af hálfu stefnenda.

Mál fyrir eftirlitsstofunun

Á hverjum tíma eru ýmis mál rekin fyrir hinum ýmsu eftirlitsaðilum. Í engu tilviki hafa verið boðaðar sektarákvarðanir eða aðrar mjög íþyngjandi aðgerðir.

Á þessum tímapunkti getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding verið færð í ársreikning félagsins.

COVID-19 heimsfaraldur

Áherslur stjórnenda félagsins í COVID-19 faraldrinum hafa verið á aðgerðir til að tryggja rekstrarsamfellu og áframhaldandi góða þjónustu við viðskiptavini. Meðal þessara aðgerða er að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina ásamt því að tryggja að ekki verði röskun á rekstri og viðhaldi mikilvægra innviða sem standa undir þjónustu félagsins. Félagið þjónar í dag fyrirtækjum og opinberum aðilum sem mörg hver gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki, m.a. tengt íslenska heilbrigðiskerfinu, almannavörnum, samgöngum og fjármálastarfsemi ásamt því að veita fjölda fyrirtækja fjarskiptaþjónustu sem er kerfislega mikilvæg í rekstri þeirra. Á þessum tíma hefur einnig verið mikilvægt að gæta að samningsstöðu félagsins gagnvart mikilvægum sýningaréttum þar sem margir íþróttaviðburðir röskuðust verulega á tímabilinu eða jafnvel féllu niður. Stjórnendur hafa verið í samningaviðræðum við birgja félagsins í tengslum við þá stöðu og hafa samningar náðst við alla helstu birgja.

Áhrifa COVID-19 faraldursins á rekstur og sjóðstreymi samstæðunnar á árinu gætir helst í samdrætti í tekjum af auglýsingum og reiki eins og áður hefur fram komið. Áhrif þessa samdráttar á framlegð félagsins á árinu eru metin rúmar 550 millj. kr. Félagið er með hluta af sínum kostnaði í erlendri mynt og vegur þar þyngst kostnaður sýningarrétta og leyfisgjöld tengd fjarskiptakerfinu. Veiking krónunnar hefur því haft talsverð áhrif til hækkunar á rekstrarkostnaði. Stjórnendur félagsins hafa gripið til ýmissa hagræðingaaðgerða til að lágmarka þessi áhrif á rekstur og sjóðstreymi félagsins en miðað við þá óvissu sem til staðar er vegna faraldursins er ekki hægt að meta að fullu hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma.

Skýringar, frh.:

COVID-19 heimsfaraldur frh.:

Styrkur sem Mennta- og menningarmálaráðherra veitti félaginu, að upphæð rúmar 91 millj.kr., samkvæmt 9. gr. laga nr. 37/2020 og reglugerð nr. 670/2020, var nýttur til fréttaflutnings á árinu 2020 á Stöð 2, Vísi og Bylgjunni. Styrkurinn gerði miðlunum þremur auðveldara fyrir að halda úti öflugum fréttaflutningi til almennings þrátt fyrir verulegt tekjufall sem varð á auglýsingamarkaði og almennt þrönga stöðu sem fjölmiðlar búa við. Á árinu 2020 birtu miðlar félagsins um 7.500 greinar um COVID-19, eða um 22 á dag. Þá eru taldar innlendar og erlendar fréttir og skoðanagreinar. Til viðbótar flutti fréttastofa fréttir í alls um 3.400 fréttatímum á Bylgjunni, daglegum kvöldfréttatímum á Stöð 2 og einstaka aukafréttatímum, einkum í tengslum við ákvarðanir stjórnvalda vegna faraldursins. Frá fyrsta upplýsingafundi almannavarna þann 26. febrúar hefur fréttastofa staðið að útsendingu fundanna á vef, sjónvarpi og, hluta tímans, í útvarpi. Í fyrstu bylgju faraldursins skiptu fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, annars vegar, og RÚV, hins vegar, með sér tæknilegri vinnslu upptöku og útsendinga fundanna þannig að fréttastofa tók að sér virku dagana mestallt tímabilið en RÚV helgar. Þessi einkarekna fréttastofa var þannig stóran hluta tímabilsins tæknilegur bakhjarl þessa mikilvæga hluta upplýsingagjafar hins opinbera til almennings um faraldurinn.

Strax í upphafi fyrstu bylgju faraldursins var aðgerðarteymi virkjað og bar það teymi ábyrgð á framkvæmd viðbragðsáætlunar vegna COVID–19. Teymið fundaði vikulega á þeim tímum þegar faraldurinn stóð sem hæst og tók á hverjum tíma mið af viðbúnaðarstigi og fyrirmælum almannavarna og sóttvarnarlæknis. Starfsmenn félagsins voru á hverjum tíma upplýstir um viðbragðsaðgerðir og tilmælum komið til þeirra varðandi heimildir á hverjum tíma. Tæknisviði félagsins var strax skipt niður í hópa sem unnu ekki á sama tíma til að tryggja öruggt viðhald og eftirlit með tæknibúnaði félagsins. Stór hluti starfsfólks sinnti starfi sínu í fjarvinnu. Markmiðið var og er að lágmarka ávallt áhættu á smiti og tryggja að ekki væri samgangur á milli svæða á skrifstofum félagsins. Lögð var áhersla á að fundir væru á fjarfundarformi og heimsóknir gesta voru í algjöru lágmarki. Verslunum var lokað í ákveðin tíma til að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina þeirra. Eftir opnun verslana var tryggt að hægt væri að halda fjarlægð milli starfsmanna og viðskiptavina. Þrátt fyrir þessar breytingar og aukna fjarvinnu starfsmanna á öllum sviðum félagsins hefur félaginu tekist að halda góðu þjónustustigi við viðskiptavini.

Ársfjórðungsyfirlit*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2020 1F	2020 2F	2020 3F	2020 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	4.995	5.352	5.026	5.413	20.786
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.350)	(3.717)	(3.399)	(3.812)	(14.278)
Framlegð	1.645	1.635	1.627	1.601	6.508
Rekstrarkostnaður	(1.666)	(1.571)	(1.485)	(1.625)	(6.347)
Rekstrarhagnaður (tap)	(21)	64	142	(24)	161
Fjármunatekjur	8	6	6	3	23
Fjármagnsgjöld	(219)	(176)	(158)	(175)	(728)
Gengismunur	(230)	(12)	(17)	54	(205)
Hrein fjármagnsgjöld	(441)	(182)	(169)	(118)	(910)
Áhrif hlutdeildarfélaga	20	28	23	27	98
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(442)	(90)	(4)	(115)	(651)
Tekjuskattur	92	30	12	112	246
Hagnaður (tap) tímabilsins	(350)	(60)	8	(3)	(405)
Þýðingarmunur	(2)	(1)	(1)	160	156
Heildarafkoma tímabilsins	(352)	(61)	7	157	(249)
EBITDA	1.355	1.364	1.593	1.427	5.739
EBITDA %	27,1%	25,5%	31,7%	26,4%	27,6%
Handbært fé frá rekstri	1.053	1.753	1.055	2.051	5.912
Fjárfestingarhreyfingar	(738)	(857)	(750)	(1.171)	(3.516)
Fjármögnunarhreyfingar	(590)	(855)	(487)	(306)	(2.238)

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar af endurskoðendum.

Ársfjórðungsyfirlit*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2019 1F	2019 2F	2019 3F	2019 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	4.975	5.023	4.878	4.935	19.811
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.068)	(3.290)	(3.133)	(3.098)	(12.589)
Framlegð	1.907	1.733	1.745	1.837	7.222
Rekstrarkostnaður	(1.822)	(1.769)	(1.559)	(1.570)	(6.720)
Virðisrýrnun	-	-	-	(2.452)	(2.452)
Rekstrarhagnaður	85	(36)	186	(2.185)	(1.950)
Fjármunatekjur	13	14	11	17	55
Fjármagnsgjöld	(223)	(250)	(337)	(205)	(1.015)
Gengismunur	(48)	(21)	31	3	(35)
Hrein fjármagnsgjöld	(258)	(257)	(295)	(185)	(995)
Áhrif hlutdeildarfélaga	820	8	16	119	963
Tekjuskattur	23	70	22	119	234
Hagnaður (tap) tímabilsins	670	(215)	(71)	(2.132)	(1.748)
Þýðingarmunur	(55)	(22)	(21)	(5)	(103)
Heildarafkoma tímabilsins	615	(237)	(92)	(2.137)	(1.851)
EBITDA	1.260	1.216	1.623	1.409	5.509
EBITDA %	25,3%	24,2%	33,3%	28,6%	27,8%
Handbært fé frá rekstri	819	1.261	1.344	1.953	5.377
Fjárfestingarhreyfingar	(1.027)	(799)	(1.227)	(1.666)	(4.719)
Fjármögnunarhreyfingar	(48)	(184)	(368)	220	(380)

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar af endurskoðendum.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Viðskiptalíkan

Sýn hf. er alhliða þjónustufyrirtæki sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, Fm957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf.

Stefna félagsins er að skipuleggja og nýta innviði félagsins til að veita viðskiptavinum virðisaukandi þjónustu og bæta arðsemi. Kjarninn í stefnunni er ánægja viðskiptavina, traust og virðing. Þessu verður náð með auknum skilningi á þörfum viðskiptavina, umbreytingu á rekstrarmódelinu og betri nýtingu eigna. Stefna félagsins endurspeglast í nálgun okkar á sjálfbærni í rekstri, góða stjórnhætti, áhættustýringu, ánægju starfsmanna og menningu.

Markmið félagsins er að vaxa með því að koma til móts við þarfir viðskiptavina og rækta langtímasamband. Ánægja viðskiptavina er í fyrsta sæti.

Félagið vinnur að því að umbreyta rekstramódelinu með því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og nýta okkur tækniþróun viðskiptavinum til góðs. Þá mun sveigjanleiki verða aukinn í rekstri með sölu eigna og úthýsingu á þjónustu. Með slíkum breytingum getur félagið betur veitt viðskiptavininum góða og gagnsæja upplifun af viðskiptasambandinu og aukið ánægju viðskiptavina.

Reynsla félagsins og breidd setur það í lykilstöðu til að gera breytingar á rekstrarmódelinu og framfylgja sinni stefnu. Grunnkerfi félagsins tengja saman fjölskyldur, vini, fyrirtæki og stjórnvöld líkt og COVID–19 hefur svo skýrlega sýnt fram á þá spilar félagið lykilhlutverk í því að halda lykilstoðum efnahagslífsins gangandi. Það er mat stjórnenda að tækni og samskipti séu framtíðar máttarstólpar samfélagsins, þættir sem munu hafa mikil áhrif á það að auðvelda líf fólks. Félagið ætlar að vera mikilvægur þátttakandi í þeirri vegferð.

Áhættustefna

Í áhættustefnu félagsins eru rammaðar inn áherslur stjórnar á meðhöndlun áhættu og umfangs áhættustjórnunar hjá félaginu. Heilt yfir er rekstur félagsins frekar áhættufælinn. Það þýðir að félagið bregst almennt við áhættum með því að meðhöndla þær til áhættulækkunar. Afgangsáhætta ætti þó aldrei að fara upp fyrir 5% af metnum áhættum. Félagið er mjög áhættufælið varðandi ákveðna starfsemi, má þar til dæmis nefna heilsu og öryggi stafsfólks, vinnslu upplýsinga, hvort sem það eru persónuupplýsingar viðskiptavina eða viðkvæmar upplýsingar um starfsfólk eða reksturinn og rekstraröryggi kjarnakerfa fjarskiptaþjónustunnar. Í ofangreindum rekstrarþáttum hefur félagið mjög lítið áhættuþol og leggur áherslu á að fyrirbyggjandi- og neyðarráðstafanir séu skjalfestar.
Félagið sættir sig ekki við gáleysi eða værukærð þegar kemur að því að vernda öryggi upplýsinga á öllum líftíma þeirra. Stefnt skal að því að uppitími kjarnakerfa fjarskiptaþjónustu sé að lágmarki 99.9% (niðritími utan skipulagðra útfalla að hámarki 5 mín á ári) og uppitími framlínukerfa sé að lágmarki 99.9% milli kl. 8-21 alla daga vikunnar. Félagið leggur áherslu á að fylgja lagalegum skyldum.

Lykiláhættur félagsins hafa verið m.a. verið skilgreindar á eftirfarandi hátt (áhættur ekki settar fram í neinni sérstakri röð):

Ófyrirséð náttúruvá: Eldgos, flóð, snjóflóð, aurskriður, eldingar og almennt óveður eru allt hluti af því að búa á Íslandi. Allir þessir atburðir geta haft áhrif á þjónustu Sýnar og valda því að álag á þjónustuna eykst. Slíkir atburðir geta valdið þjónusturofi á ákveðnum svæðum í ákveðinn tíma.
Félagið bregst við þessari áhættu með því að hafa starfsfólk á bakvöktum sem er tilbúið að bregðast við ef á þarf að halda. Vaktir á fjarskiptakerfinu eru til staðar 24/7/365. Varaafl og varaleiðir eru til staðar á lykilstöðum. Unnið er náið með Almannavörnum og Neyðaröryggisfjarskiptum þegar um alvarlega atburði er að ræða.

Netógnir: Árás illvilja aðila er áhætta sem getur haft alvarleg áhrif á kerfi og tiltækileika þeirra auk öryggi þeirra upplýsinga sem þau geyma. Líkurnar á að framkvæmd sé netárás á fjarskiptabúnað, upplýsingakerfi eða viðskiptavini eru miklar og geta áhrifin varað frá nokkrum mínútum og upp í nokkra daga. Netógnin virðist ekki hafa nein takmörk og eru aðilar stöðugt að finna nýjar leiðir til að valda skaða, ná sér í peninga eða koma boðskap á framfæri.
Félagið bregst við þessari áhættu með því að vera stöðugt að byggja upp netvarnir félagsins þannig að skaðinn sem netárásir geta valdið sé lágmarkaður. Samstarf félagsins við Vodafone Group gerir félaginu kleift að samþætta tækni, högun og þekkingu á netvörnum. Samfelld vöktun er til staðar á umferð mikilvægra neta. Gerðar eru reglulegar úttektir af netöryggissérfræðingum á tölvukerfum og netum samkvæmt þjónustusamningum við slíka aðila. Markviss fræðsla til starfsmanna er til staðar um netógnir og félagið er í samstarfi við netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmdum aðferðum.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Áhættustefna frh.:

Truflun á starfsemi vegna starfsmannaveltu, veikinda, álags, þekkingarleysis eða slysa: Sterk liðsheild, ástríða fyrir starfinu, metnaður og fagmennska er forsenda góðs árangurs í starfi. Að fólki líði vel í vinnunni, það fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og takist á við verkefni sem þroska það í leik og starfi. Truflanir geta hins vegar orðið á starfseminni ef starfsmannavelta, veikindi, álag eða þekkingarleysi verða of mikil. Óhöpp og slys geta einnig haft neikvæð áhrif á starfsemina.
Félagið bregst við þessari áhættu með því að rækta sterka menningu meðal starfsmanna, tryggja að starfsfólki líði vel, það þróist í starfi og sé metið að verðleikum. Haldið er úti skipulögðu fræðslustarfi til að auka hæfni starfsfólks og viðhalda markvisst þekkingu innan félagsins. Stuðlað er að jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs auk þess að undirgangast þær skyldur sem lagðar eru á fyrirtækið. Haldið er úti öflugum sóttvarnaraðgerðum og fjarvinnu til að lágmarka hættu á veikindum af völdum COVID-19.

Áföll í fjarskiptaneti, fjarskipta- og/eða upplýsingakerfum: Upplifun viðskiptavina af þjónustu félagsins skiptir máli. Mikilvægi þjónustunnar eykst sífellt og viðskiptavinir treysta á áhyggjulausa notkun og að starfsemin uppfylli þeirra væntingar. Einstaklingar og fyrirtæki treysta því að kerfin veiti þeim umsamda þjónustu og öll áföll sem leiða til neikvæðrar þjónustuupplifunar geta skaðað orðspor og jafnvel aukið brottfall. Mistök starfsmanna eða þjónustuaðila geta valdið óþarfa álagi og rekstrartruflunum. Áhættan getur hlutgerst á öllum þeim stöðum sem félagið hefur starfsemi, hvort sem er tækjarými, hýsingarsalir, verslanir, þjónustuver, sendastaðir eða skrifstofur. Skilvirkir innri ferlar félagsins geta dregið úr hættunni á því að rangar ákvarðanir um innkaup og jafnvel högun kerfa og uppbyggingu til framtíðar séu teknar. Áhættan hefur meiriháttar staðbundin áhrif ef hún hlutgerist, en getur í verstu útföllunum valdið sambandsleysi á landsvísu.
Félagið bregst við þessari áhættu með því að skilgreina öll fjarskiptakerfi innan umfangs upplýsingaöryggisvottunar ISO 27001. Kröfur um afritun og afkastagetur kerfa er innbyggt í kerfislega högum. Varaleiðir samband eru hluti af uppbyggingu netkerfa auka þess sem vöktun er til staða 24/7/365. Mikilvægustu innviðir starfseminnar eru varðir fyrir óheimiluðum raunlægum aðgangi. Öll netkerfi, kjarnabúnaður og stoðeiningar eru tengd áætlunum um rekstrarsamfellu.

Ófullnægjandi ráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga: það er mikilvægur hluti af starfsemi félagsins að vernda persónuupplýsingar viðskiptavina. Félagið er í ábyrgðarstöðu þar sem kerfi þess vinna með og miðla persónuupplýsingum. Ef miðlun og varsla er ófullnægjandi getur það haft veruleg áhrif á ímynd félagsins.
Félagið bregst við þessari áhættu með því að tryggja að geymsla fjarskiptaumferðargagna sé í samræmi við lög og reglur sem þar eiga við. Reglulega eru framkvæmdar innri úttektir á hlítni við þær reglur. Skýrt verklag er til staðar varðandi vinnslu persónuupplýsinga og undir eftirliti persónuverndarfulltrúa. Sett hefur verið saman vinnsluskrá sem rammar inn allar vinnslur félagsins með persónugreinanlegar upplýsingar. Fræðsla til starfsfólks um persónuvernd og vinnslu upplýsinga er hluti af skyldufræðslu.

Sjálfbærni er hluti af kjarnastarfseminni

Félagið leggur áherslu á sjálfbærni með tilliti til mannauðs, umhverfis og efnahags ásamt stuðningi og samstarfi við samfélagið.

Þetta er málefni sem félagið telur mikilvægara en nokkru sinni fyrr út frá þróun heimsfaraldurs COVID-19 í heiminum öllum, hlutverk félagsins í stuðningi við samfélagið á tímum óvissu og breytinga er mikilvægt.

Síðustu ár hefur félagið gefið út, með árs- og samfélagsskýrslu félagsins, heildstætt sjálfbærniuppgjör í samstarfi við Klappir Grænar Lausnir fyrir. Umhverfisuppgjörið er unnið í samræmi við Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol) og ESG leiðbeiningar NASDAQ og hefur Sýn hf. kolefnisjafnað rekstur sinn fyrir árið 2020 að fullu með samstarfi við Kolviður (Iceland Carbon Fund).

Félagið notast við stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast samfélagslegri ábyrgð. Upplýsingagjöf um sjálfbærni er staðfest af Klappir Core. Umhverfisuppgjörið staðfest af Klöppum Core má finna á heimasíðu félagsins undir ársskýrslu 2020.

Mannauður

Eftirfarandi stefnur og áætlanir tengdar mannauðsmálum hafa verið samþykktar hjá félaginu:
- Starfsmannastefna.
- Jafnlaunastefna (útg. 2.0., apríl 2019).
- Jafnréttisáætlun 2019 - 2021.
- Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum.
- Öryggis, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna.
- Persónuverndarstefna

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Mannauður frh.:

Starfsmannastefna
Félagið hefur samþykkt starfsmannastefnu sem leggur áherslu á að starfsfólk upplifi vellíðan í vinnu. Stefnan miðar að því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í vinnu. Einblínt er á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og öryggi og heilsu starfsmanna. Félagið gætir jafnréttis starfsmanna á öllum sviðum. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu metnir að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspegla stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins. Jafnréttismál eru mikilvægur þáttur í starfseminni og sýnir niðurstaða vinnustaðagreiningar fram á að jafnréttismál eru stór hluti af fyrirtækjamenningunni. Sú niðurstaða er í samræmi við niðurstöður könnunar VR sem gerð var snemma árs 2020. Árangur starfsmannastefnu er metin að lágmarki einu sinni á ári með vinnustaðagreiningu sem framkvæmd er af þriðja aðila, sjá frekar hér að neðan. Það er markmið félagsins að jafna stöðu karla og kvenna hjá félaginu og lágmarka launamun kynjanna. í stjórn sitja þrjár konur og tveir karlar. Kynjahlutfall stjórnenda hjá félaginu er 56% karla og 44% konur. Launamunur kynjanna er 1,45 (munur á miðgildi).

Félagið fékk jafnlaunavottun á árinu 2019 og var gerð úttekt á vottuninni á árinu 2020 án verulegra athugasemda. Með vottuninni staðfestist að hjá félaginu er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Með innleiðingu jafnlaunastaðalsins hefur félagið komið sér upp stjórnkerfi sem styður við faglegar launaákvarðanir, byggðar á málefnalegum sjónarmiðum sem fela ekki í sér kynbundna mismunun.

Vinnuvernd
Markmið vinnuverndarstarfs er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í lagi. Það skal m.a. gert með því að meta áhættu við störf og stuðla að heilsuvernd sem byggir á áhættumati. Vinnuverndarhópur félagsins hefur það markmið að skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan félagsins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustaðnum með því að þeim sé framfylgt.
Störf innan félagsins eru áhættumetin samkvæmt verklagi um áhættumat. Meðal áhættuþátta eru vinna í hæð, vinna með rafmagn og vinna með geislun. Áhættusöm störf eru m.a. unnin í radíó, aðgangsneti, burðarneti, vettvangsþjónustu, lager og eldhúsi. Önnur störf eru metin áhættuminni þ.a. m. störf á skrifstofu og í verslun. Úr því áhættumati sem framkvæmt er hafa verið settar fram leiðbeinandi reglur í vinnuverndarhandbók.

Líðan starfsfólks í fjarvinnu
Félagið sendi út tvær kannanir í tengslum við fjarvinnu á árinu 2020, fyrri könnunin fór út á vormánuðum og sú seinni í þriðju bylgjunni í lok árs 2020. Markmiðið var að kanna líðan starfsfólks í fjarvinnu, stuðning frá stjórnendum og árangur í fjarvinnu.

Niðurstöður þessa kannanna benda til þess að fjarvinna sé að mörgu leyti komin til að vera. Að mati starfsfólks hefur fjarvinna á tímum heimsfaraldurs í flestum tilfellum gengið vel og samþætting vinnu og einkalífs, í mörgum tilfellum, auðveldari með þessum hætti. Starfsfólk upplifði í flestum tilfellum stuðning bæði frá sínum stjórnendum og samstarfsfólki og var andleg líðan þess heilt yfir á pari við það sem áður var. Starfsfólki hlakkar til að hafa kost á því að snúa aftur á vinnustaðinn en geta í flestum tilfellum vel hugsað sér að vinna fjarvinnu að hluta til framtíðar. Unnið er að því að setja fram heildstæða stefnu í fjarvinnu til framtíðar.

Vinnustaðamenning í heimsfaraldri
Í árslok var vinnustaðagreining lögð fyrir allt starfsfólk félagsins. Niðurstöðurnar sýndu marktæka hækkun á nær öllum liðum milli ára.

Starfsánægja og meðmælavísitala (NPS) starfsfólks mældist 4,4 af 5 mögulegum. Þetta sýnir að sú sveigjanlega menning sem til staðar hefur verið, hafi sannarlega skilað sér í heimsfaraldri.

Þær spurningar sem snúa að helgun starfsfólks, þ.e. hversu stolt starfsfólkið er af vinnustaðnum og hversu mikið það er tilbúið að leggja sig fram til að ná árangri voru allar yfir 4,6 af 5 mögulegum.



Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Umhverfi

Eftirfarandi stefnur og áætlanir tengdar umhverfismálum hafa verið samþykktar hjá félaginu:

- Umhverfisstefna.
- Samfélagsleg ábyrgð.
-Öryggis, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna.

Sýn hf. hefur sett sér stefnu og ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Félagið er staðráðið í því að vernda umhverfið og hefur einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu. Félagið ætlar að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Félagið hefur sett sér markmið að flokka allt sorp sem fellur til í starfseminni, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónauðsynlegri urðun á sorpi. Félagið leitast við að lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er.

Árið 2015 skrifaði félagið, ásamt 102 öðrum, undir Loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og hefur félagið í því samhengi sett sér ákveðin markmið í loftslagsmálum. Miðast þau að því að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í tengslum við Parísarfundinn um loftslagsbreytingar og felst í því að félög skuldbinda sig til að setja sér markmið og aðgerðaáætlun í samfélagsábyrgð til 10 ára.

Félagið vinnur með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin á umhverfið.

Félagið hefur unnið að því að bæta flokkun sorps á starfsstöðvum sínum, bætt við tunnum fyrir lífrænan úrgang ásamt því að setja upp leiðbeiningar um flokkun úrgangs. Markmið félagsins er að vera nær eingöngu með flokkaðan úrgang eftir 5 ár. Markmið félagsins var að koma hlutfalli flokkaðs úrgangs í 70% á árinu 2020.



Frá árinu 2018 hefur félagið fækkað bílum í rekstri félagsins ásamt því að skipta yfir í vistvæna bíla. Félagið hefur farið úr 61 bíl (2018) í 49 bíla (2019) og nú árið 2020 eru 40 bílar í rekstri, 23 eldsneytisbílar og 17 rafknúnir. Félagið setti sér það markmið að minnka eldsneytisnotkun félagsins um 10% á árinu 2020 og gekk það eftir.



Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Umhverfi frh:.

Markmið félagins var að senda alla reikninga rafrænt á árinu 2020 og hætta útsendingu á reikningum á pappírsformi. Markmiðið gekk ekki að fullu eftir en 96% reikninga voru sendir rafrænt árið 2020 en 4% á pappír.



Innkaupa- og birgjastefna

Sýn hf. hefur sett birgjastefnu í tengslum við öryggis-, heilbrigðis-, og vinnuumhverfisstefnu félagsins. Undir þá stefnu falla allir miðlægir innkaupasamningar við birgja. Sömu kröfur eru gerðar til birgja og til félagsins sjálfs. Í stefnu kemur m.a. fram að birgjar félagsins skulu ganga vel um náttúruna. Þeir skulu almennt hirða eftir sig rusl, ganga vel um, valda ekki spjöllum við framkvæmdir eins og línulagningar, uppgræðslur, húsbyggingar, jarðboranir og slíkt. Birgjar skulu viðurkenna og virða rétt starfsmanna til félagafrelsis og að þeir eigi rétt á því að semja um kaup og kjör sameiginlega. Birgjar skulu jafnframt tryggja að starfsmenn þeirra gegni starfi sínu án valds eða nauðungar og að þeim sé frjálst að hætta með hæfilegum og lögbundnum fyrirvara. Birgjum er óheimilt að ráða ólögráða börn til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Birgi skal virða rétt barna til menntunar og almennrar heilsuverndar. Birgjar skulu í það minnsta virða reglur Alþjóðavinnumálastofnunar um lágmarks aldur barna sem starfsmanna. Birgjar skulu tryggja að starfsmenn þeirra hafi jöfn tækifæri og jafnan rétt á vinnustað og til starfa án mismununar á grundvelli til dæmis kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahagslegrar stöðu eða félagslegs bakgrunns. Birgjar skulu skapa vinnuumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

Stefna um mútur og peningaþvætti

Fyrirtækið leggur ríka áherslu á að stunda ábyrga viðskiptahætti, starfa af heilindum og sanngirni í samskiptum við starfsfólk, viðskiptavini og aðra sem tengjast fyrirtækinu á einhvern hátt. Í ljósi þess hefur fyrirtækið markað sér skýra stefnu gegn hverskyns spillingu eða mútugreiðslum. Stefna fyrirtækisins byggir á stefnu Vodafone Group um málaflokkinn og tekur til allrar starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt stefnunni er starfsfólki fyrirtækisins með öllu óheimilt að veita eða þiggja mútur, með beinum eða óbeinum hætti og ber að tilkynna um allt mögulegt misferli.

Sterkir innviðir

4G farsímakerfið hefur verið í stöðugri þróun til að koma á móts við þarfir viðskiptavina. Afkastageta og útbreiðsla var aukin til muna á árinu með uppfærslum á um 80 sendastöðum, víðsvegar um landið. Mikið hefur verið lagt upp úr því að bæta þjónustu og gæði farsímakerfa, boðleiðir innan félagsins verið styrktar til að vinna hraðar úr vandamálum viðskiptavina sem hafa áhrif á gæði og upplifun þjónustu.

Hlutverk fjarskipta í samfélaginu hefur sjaldan eða aldrei verið jafn mikil og núna á tímum COVID-19, þar sem að m.a. fjarfundalausnir byggja á öruggu og góðu fjarskiptasambandi, hvort sem um er að ræða ljósleiðara eða farsímakerfi. Fjarskiptin gegna því enn mikilvægra og fjölþættara hlutverki en áður. Ófjárhagslegar upplýsingar tengdar innviðakerfum félagsins má sjá í ársskýrslu þess fyrir árið 2020 sem finna má á vef félagsins www.syn.is.

Félagið hefur verið í umbótaverkefnum í tengslum við átaksverkefni stjórnvalda í kjölfar óveðurs sem skall á landinu í desember 2019. Verkefnið er samvinnuverkefni allra fjarskiptafélaganna í að tryggja uppitíma á fjarskiptum, fjarskiptastöðum var forgangsraðað miðað við mikilvægi innviða ásamt því að varaafl var eflt á um 60 fjarskiptastöðum, reiknað er með að taka til viðbótar 20 staði á árinu 2021 og má þá segja að verkefninu sé lokið.

Vodafone setti formlega í loftið 5G þann 1. september sl. og var það vel við hæfi að fyrsti sendir félagsins yrði staðsettur við höfuðstöðvarnar á Suðurlandsbraut.
5G er fimmta kynslóð farsímakerfa sem býður upp á allt að tíu sinnum meiri hraða en 4G. Í tilefni dagsins hélt Vodafone kynningu á 5G og tengdri tækni fyrir viðskiptavini sína. Stefnt er á öfluga uppbyggingu á 5G fjarskiptatækni hér á landi á næstu árum, m.a. í gegnum Sendafélagið ehf. sem er í sameiginlegri eigu Vodafone og Nova.

Nánari umfjöllun um ofangreind málefni ásamt tölulegum upplýsingum og sjálfbærniuppgjöri er að finna í árs- og samfélagsskýrslu félagsins fyrir árið 2020 sem birt er á vefsíðu þess www.syn.is.

Stjórnarháttayfirlýsing

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Sýnar hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland (5. útgáfa leiðbeininganna), með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Sýnar hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á www.syn.is.

Félagið hefur verið vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á slóðinni leidbeiningar.is. Sýn hf. hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001, og íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Þá hefur fyrirtækið fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála.

Stjórn Sýnar hf. 2020

Í stjórn Sýnar sitja öllu jöfnu fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundi, auk lögmanns félagsins sem er ritari stjórnar. Þá er framkvæmdastjóri fjármálasviðs reglulegur þátttakandi á stjórnarfundum. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2020 voru bókaðir 13 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundi og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir almennt um mætingu og ákvörðunarbærni á fundum undirnefnda stjórnar.

Á aðalfundi 20. mars 2020 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins. Á aðalfundi voru þau: Hjörleifur Pálsson, Hilmar Þór Kristinsson, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov kjörin í stjórn félagsins. Óli Rúnar Jónsson og Þyrí Dröfn Konráðsdóttir voru kjörin varamenn.

Við árslok 2020 var stjórn Sýnar hf. því skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalmenn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður er fæddur árið 1963. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. frá 2001 til 2013. Hjörleifur er formaður stjórnar og formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík. Hann situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf., Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan og Ankra ehf. Hann er jafnframt formaður tilnefningarnefnar Icelandair Group hf. og á sæti í endurskoðunarnefnd Landsbankans hf. Hjörleifur átti 250.000 hluti í félaginu í árslok 2020.

Tanya Zharov, varaformaður er fædd árið 1966. Tanya lauk Cand. jur. prófi frá Háskóla Íslands. Hún starfar sem aðstoðarforstjóri Alvotech. Hún var fyrst kosin í varastjórn félagsins 16. mars 2017 og var síðan kjörin í stjórn þann 22. mars 2019. Hún starfaði sem framkvæmdarstjóri lögfræðisviðs Auðar Capital síðar Virðingar hf., 2008 - 2015. Tanya er formaður stjórnar Íslandssjóða hf. og er í stjórn Nasdaq Iceland hf. Hún situr í stjórn Skólavegs ehf. og Talna ehf. Í árslok 2020 átti Tanya 3.472 hluti í félaginu.

Hilmar Þór Kristinsson er fæddur árið 1966. Hann hefur frá árinu 2013 starfað sem framkvæmdastjóri Reir ehf. eignarhalds- og fjárfestingafélags, en hann er stofnandi og eigandi félagsins. Hann starfaði áður sem ráðgjafi einkabankaþjónustu og síðar á fyrirtækjasviði Auðar Capital, sem ráðgjafi einkabankaþjónustu Landsbanka Íslands og forstöðumaður IT mála Icelandair hótela. Hann hefur lokið BS prófi í tölvunarfræði ásamt MBA prófi frá Háskóla Íslands. Hilmar Þór er einn af eigendum Frostaskjóls ehf. sem á beint eða óbeint 20.150.000 eignarhlut í Sýn hf. Hann á einnig 1.500.000 hlut í Sýn hf. í gegnum eigið félag, Fasta eignarhaldsfélag ehf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Aðalmenn frh.:

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir er er fædd árið 1974. Hún á að baki 13 ára starf sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnum Icepharma, Terra, og Allianz ásamt því að sinna ráðgjafastörfum. Hún var stjórnarformaður Símafélagsins árin 2017 til 2018. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu.

Sigríður Vala Halldórsdóttir er fædd árið 1983. Hún var kjörin sem varamaður í stjórn Sýnar hf. í mars 2019 og tók sæti í stjórn félagsins í apríl 2019. Hún hefur frá árinu 2016 starfað sem forstöðumaður Hagdeildar hjá Sjóvá, ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins og sinna hlutverki fjárfestatengils. Af öðrum stjórnarstörfum má nefna að hún hefur verið í stjórn HS Veitna frá árinu 2014. Sigríður Vala er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2006 og M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota 2008. Sigríður Vala er jafnframt löggiltur verðbréfamiðlari frá 2009. Sigríður Vala starfaði hjá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka 2008-2015 sem sérfræðingur og síðar verkefnastjóri. Hún var forstöðumaður viðskiptastýringar Creditinfo 2015-2016. Sigríður Vala á ekki eignarhlut í félaginu.

Allir stjórnarmenn félagsins fyrir utan Hilmar Þór teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum og stórum hluthöfum. Hilmar Þór er óháður félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum, en þó ekki óháður stórum hluthöfum, auk þess á hann hluti í gegnum eigið félag.

Helstu hlutverk stjórnar

- Meginhlutverk stjórnar Sýnar hf. er að marka félaginu stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð.
- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn þann 2. apríl 2020. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, https://syn.is/fyrirtaekid/stjorn

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 27. janúar 2021. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir.
2. Virkni stjórnar.
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra.
4. Undirnefndir stjórnar.
5. Þróun félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast voru reglurnar staðfestar af stjórn 2. apríl 2020. Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða er varðar fjármál ásamt því að fylgja eftir úrbótum vegna annmarka sem fram koma.
3. Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga, samstæðureikninga og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.
4. Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2020 var endurskoðunarnefnd Sýnar hf. skipuð Sigríði Völu Halldórsdóttur, formanni nefndarinnar, Hilmari Þór Kristinssyni og Erik Ingvari Bjarnasyni. Sigríður tók við sem formaður af Tanyu Zharov í nóvember 2020 og Erik Ingvar kom nýr inn í nefndina vorið 2020 Nefndin kom fimm sinnum saman á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Sýnar hf. og daglegum stjórnendum. Sigríður Vala og Erik Ingvar eru óháð stórum hluthöfum en Hilmar Þór er ekki óháður stórum hlutföum, auk þess á hann hluti í gegnum eigið félag.

Í starfskjaranefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn og eru skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins 2. apríl 2020. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Sýnar hf. Hlutverk nefndarinnar er að öðru leyti m.a. að undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og lykilstjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Nefndinni er ætlað að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni. Þá er henni ætlað að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.

Við árslok 2020 var starfskjaranefnd Sýnar hf. skipuð Petreu Ingileif Guðmundsdóttur, formanni nefndarinnar og Hjörleifi Pálssyni. Starfskjaranefnd félagsins leggur áherslu á að gagnsæi ríki um starfskjör hjá félaginu gagnvart hluthöfum þess og hefur fylgst með óskum hluthafa um aukið gagnsæi og unnið í því að bæta upplýsingar bæði í ársreikningi og í skýrslu starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði 3 á árinu 2020. Báðir nefndarmenn eru óháðir félaginu.

Tilnefningarnefnd Sýnar hf. hefur sett sér starfsreglur sem voru síðast staðfestar á fundi stjórnar Sýnar hf. 1. júlí 2020. Þar er kveðið á um að stjórn Sýnar hf. skuli tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Sýnar hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins 20. mars 2020 fór fram kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma tilmæli um starfsemi tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Við árslok 2020 var tilnefningarnefnd Sýnar hf. skipuð Ragnheiði Dagsdóttur, formanni nefndarinnar, Þresti Olaf Sigurjónssyni og Hjörleifi Pálssyni. Tilnefningarnefnd hélt fjölda funda á starfsárinu, einkum með hluthöfum en jafnframt með stjórnendum félagsins.

Auk framangreindra nefnda er unnt að kalla til tækninefnd og markaðsnefnd eftir því sem þurfa þykir, en ekki voru haldnir fundir þessara nefnda á árinu 2020.

Starfsreglur undirnefnda eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.syn.is. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Forstjóri Sýnar hf.

Í lok árs 2020 var forstjóri félagsins Heiðar Guðjónsson og fer hann með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í málum sem varða venjulegan rekstur. Hlutverk hans er skilgreint nánar í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og ráðningarsamningi.

Heiðar Guðjónsson er fæddur árið 1972. Hann var kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013 og átti sæti þar fram til 25. apríl 2019 þegar hann tók við starfi forstjóra. Heiðar hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en Ursus ehf., sem átti 9,16% hlut í félaginu í árslok 2020 er fjárhagslega tengt Heiðari. Hann er ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Hagsmunatengsl við viðskiptaaðila og samkeppnisaðila eru engin.

Framkvæmdastjórn Sýnar hf. 2020

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftar ef þurfa þykir. Við árslok 2020 voru framkvæmdastjórar þessir, auk forstjóra félagsins:

Signý Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Yngvi Halldórsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, Þórhallur Gunnarsson, framkvæmdastjóri miðla og Páll Ásgrímsson, lögmaður félagsins, sem jafnframt ritar fundargerðir.

Ársreikningur félagsins

Reikningsár Sýnar hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2012 til 2020 sem og árshlutareikningar 2012 til 2020 eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Samfélagsleg ábyrgð og siðferðisleg viðmið

Sýn hf. sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Það er stefna Sýnar hf. að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild með því að vinna að stöðugum umbótum í rekstri félagsins. Þannig viljum við stuðla að framþróun fyrirtækisins og lágmarka sóun sem fellur til í starfseminni.

Meginstoðir samfélagsábyrgðar félagsins eru þrjár: Hlítni, sjálfbærni og sameiginlegt virði. Undir hlítni falla lög, reglur, staðlar og vottanir, undir sjálfbærni falla mannauður umhverfi og efnahagur og undir sameiginlegt virði falla nýsköpun, öryggi og innviðir og samskipti og fræðsla.

Sýn hf. hefur sett ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Félagið hefur sett fram samfélagsskýrslu sem endurspeglar ESG leiðbeiningar frá Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum sem gefnar voru út í mars 2017.

Sýn hf. skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum í lok árs 2015 og hefur einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu fram til ársins 2030. Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu en markmið hennar er að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta, en jafnframt að hvetja starfsfólk til að nota sjálfbæran ferðamáta við leik og störf.

Einblínt er á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og öryggi og heilsu starfsmanna. Sýn hf. gætir jafnréttis starfsmanna á öllum sviðum. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu metnir að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspegla stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins.

Sýn hlaut í ágúst 2019 formlega jafnlaunavottun á allt félagið en úttektin var framkvæmd af BSI á Íslandi. Með vottuninni staðfestist að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Markmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun innan fyrirtækja og styðja við jafnrétti kynjanna á vinnustaðnum. Með innleiðingu jafnlaunastaðalsins hefur Sýn komið sér upp stjórnkerfi sem styður við faglegar launaákvarðanir, byggðar á málefnalegum sjónarmiðum sem fela ekki í sér kynbundna mismunun. Jafnlaunaúttektin var síðan endurtekin á árinu 2020.

Sýn hlaut í lok árs 2018 formlega vinnuverndarvottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 45001 og var á þeim tíma fyrst íslenskra fyrirtækja til að nota staðalinn til að votta stjórnskipulag vinnuverndar. Tilgangurinn með vottuninni var að tryggja að ferlar og skipulag vinnuverndar styðji við markmið Sýnar um öryggi, heilbrigði og vinnuumhverfi á vinnustaðnum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Samfélagsleg ábyrgð og siðferðisleg viðmið frh.:

Félagið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að sýna starfsfólki og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið stuðlar að opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila og stendur vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni.

Sýn hf. tekur virkan þátt í margvíslegum samfélagsmálum með stuðningi af ýmsum toga. Fjöldi aðila leitar til félagsins eftir stuðningi eða samstarfi ár hvert og eru ákvarðanir um styrki og samstarf teknar út frá stefnu félagsins í styrktarmálum.

Siðferðissjónarmið eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur sett sér siðareglur og voru þær gefnar út í október 2012 og síðast uppfærðar í ágúst 2016. Siðareglurnar eru birtar á vefsvæði félagsins, syn.is. Félagið stuðlar að opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila og stendur vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni.

Ítarlegri upplýsingar, markmið og áreiðanleikaferli vegna ófjárhagslegra upplýsinga er að finna í ársskýrslu Sýnar hf. vegna 2020 sem birt er á vef félagsins https://arsskyrsla2020.syn.is

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hlaut ekki dóm fyrir brot á reglum eða stjórnvaldssekt á árinu af hálfu dómstóla eða þar til bærra eftirlitsaðila.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri félagsins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmörkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Víðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur gæða- og öryggisráði að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu. Úttektir með öryggismálum, hlítni við lög, meðferð trúnaðarupplýsinga, upplýsingaöryggi og raunlægu öryggi eru í höndum gæða- og öryggisdeildar, sem upplýsir ráðið um niðurstöður úttekta. Skilgreindar hafa verið boðleiðir til að tilkynna öll frávik og ábendingar frá starfsfólki er varða öryggisbrot, öryggisrof eða það sem betur má fara. Í gæða- og öryggisráði situr öryggisstjóri, forstjóri og framkvæmdastjórar . Nefndin fundar að jafnaði ársfjórðungslega.

Stjórn fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórn sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formlegt og skjalfest.

Hluthafar félagsins og samskipti

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins, www.syn.is.

Sýn hf. hefur sett sér upplýsingastefnu, sem sækir stoð í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland, og var hún samþykkt af stjórn Sýnar hf. þann 18. febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að í kjölfarið á birtingu ársfjórðungsuppgjöra og ársuppgjörs heldur félagið upplýsingafundi fyrir fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila og fjölmiðla. Sýn hf. svarar fyrirspurnum þessara aðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði fjárfesta á markaði. Félagið birtir reglulega á vefsíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@syn.is eða beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti.

Endurskoðunarnefnd fór yfir yfirlýsinguna og er hún staðfest á fundi í stjórn Sýnar hf. 27. janúar 2021.